

# Stjórnartíðindi

## 2004 - B-deild - B72-75

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval ([svavar@kjarrval.is](mailto:svavar@kjarrval.is))

# ***Stjórnartíðindi***

**B 72-75**

**Nr. 484-520**

# **2004**

## Efnisyfirlit B 72-75 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
484	9. júní	Reglugerð um bann við kolmunnaveiðum út af Suðausturlandi .....	1217
485	9. júní	Reglugerð um úthlutun krókaafhlutdeildar til sóknardagabáta .....	1218-1219
486	11. júní	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík .....	1220
487	4. júní	Samþykkt um stjórn og fundarsköp Súðavíkurrhepps .....	1221-1234
488	8. júní	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Hrauns 1 í Fjarðabyggð .....	1234
489	8. júní	Auglýsing um deiliskipulag við Langholt á Selfossi, Sveitarfélaginu Árborg .....	1235
490	9. júní	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, breyting við Vesturlandsveg .....	1235
491	9. júní	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, Reykjanesbraut .....	1236
492	9. júní	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Fellahrepps 2000-2012, stækkun þéttbýlis .....	1236
493	9. júní	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Eskifjarðar 1988-2008, Strandgata 64 og 66 .....	1237
494	9. júní	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi norðan Skarðsheiðar 1997-2017, Sultartangalína 3, Skorradalshreppi og Borgarfjarðarsveit .....	1237
495	9. júní	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010, stækkun þéttbýlis í Fellahreppi .....	1238
496	7. júní	Reglur um greiðslu eftirlauna forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara .....	1238-1240
497	4. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 308/1994, um útibú og umboðsskrifstofu lánastofnunar með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins .....	1240
498	4. júní	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur .....	1241
499	4. júní	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Rangárpings ytra nr. 513/2002 .....	1241
500	9. júní	Auglýsing um deiliskipulag á Austur-Héraði .....	1242
501	4. júní	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Svalbarðsstrandarhrepps, nr. 689/1998, með síðari breytingum .....	1242
502	7. apríl	Gjaldskrá um sorphreinsun í Skaftárhreppi .....	1243
503	28. maí	Samþykkt um gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald og þjónustugjöld í Sveitarfélaginu Ölfusi .....	1244-1252
504	4. júní	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Bjarglands, Kvíaholts 1-7, Borgarbyggð .....	1252
505	7. júní	Samþykkt um gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, stofngjald vatnsveitu og byggingarleyfisgjald í Húnaþingi vestra .....	1253-1257

Framhald á 3. kápusíðu.

## REGLUGERÐ

### um bann við kolmunnaveiðum út af Suðausturlandi.

#### 1. gr.

Frá og með 16. júní 2004, eru allar veiðar á kolmunna bannaðar út af Suðausturlandi á svæði sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64° 32'30 N – 11° 41'00 V
2. 64° 37'00 N – 10° 51'00 V
3. 64° 17'00 N – 10° 34'00 V
4. 64° 04'00 N – 11° 04'00 V
5. 63° 45'00 N – 10° 40'00 V
6. 63° 30'00 N – 10° 55'00 V
7. 63° 17'00 N – 11° 20'00 V
8. 63° 26'00 N – 11° 55'00 V
9. 63° 43'40 N – 13° 53'00 V
10. 64° 00'00 N – 13° 07'00 V
11. 64° 21'70 N – 12° 17'30 V

#### 2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 334, 12. maí 2003, um bann við kolmunnaveiðum á Þórsbanka.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. júní 2004.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*



## REGLUGERÐ

### um úthlutun krókaafhlutdeildar til sóknardagabáta.

#### 1. gr.

Bátar, sem leyfi hafa til handfæraveiða með dagatakörkunum, skulu stunda veiðar með krókaafلامarki frá upphafi fiskveiðiársins 2004/2005. Skal úthluta hverjum báti, sem varanlegar sóknarheimildir eru bundnar við 10. maí 2004, krókaafhlutdeild í upphafi fiskveiðiársins 2004/2005 í þorski, ufsa, ýsu, karfa, steinbít, keilu og löngu. Skal krókaafhlutdeild hvers báts fundin með tilliti til aflareynslu bátsins á öðru hvoru fiskveiðiarinu 2001/2002 eða 2002/2003, að vali útgerðar, á eftirfarandi hátt:

1. Viðmiðunaraflareynsla í þorski er fundin sem hlutdeild af meðalaflla sóknardagabáta fiskveiðiarin 2000/2001, 2001/2002 og 2002/2003, miðað við óslægðan fisk. Hlutdeild bátsins í þorski reiknast sem afli bátsins annað hvort fiskveiðiaríð 2001/2002 eða 2002/2003 sem hlutfall af heildaraflamagni allra sóknardagabátanna þannig fengið. Viðmiðunaraflareynsla í öðrum tegundum í krókaafلامarki er fundin sem afli bátsins annað hvort fiskveiðiaríð 2001/2002 eða 2003/2004, en skal þó ekki vera lægri en 100 kg í hverri tegund miðað við óslægðan fisk.
2. Reiknigrunnur hvers báts til krókaafhlutdeildar í þorski og ufsa skal byggja á viðmiðunaraflareynslu þannig að til reiknigrunnsins teljast 91% af upp að 42.5 lesta viðmiðunaraflareynslu, miðað við óslægðan fisk, og 45% af því sem umfram er. Reiknigrunnurinn í þorski skal þó aldrei vera lægri en 15 lestir, miðað við óslægðan fisk. Fyrir aðrar tegundir í krókaafلامarki skal reiknigrunnurinn vera jafn viðmiðunaraflareynslu. Taka skal tillit til áætlaðrar aflaukingar, allt að 20 lestum á hvern bát, miðað við óslægðan fisk, vegna aukningar afkastagetu þeirra sóknardagabáta, sem endurnýjaðir hafa verið á fiskveiðiarinu 2002/2003 og á fiskveiðiarinu 2003/2004 fram til 28. maí 2004, enda hafi sóknargetan ekki nýst til myndunar aflareynslu. Miða skal í þessu tilliti til meðalaflla sambærilegra báta.
3. Krókaafhlutdeild hvers báts í einstökum tegundum er síðan reiknuð út frá reiknigrunni hans sem hlutfall af úthlutuðu aflamarki fiskveiðiársins 2003/2004. Hafi varanlegar sóknarheimildir á báti breyst þannig að sóknardagar eru fleiri eða færri á bátnum 10. maí 2004 en voru á bátnum á því ári, sem lagt er til grundvallar við útreikning á aflareynslu hans, að teknu tilliti til skerðingar sóknardaga milli ára, skal krókaafhlutdeild bátsins hækkuð eða lækkuð hlutfallslega miðað við breytingu á sóknardagafjölda. Með sama hætti skerðist hlutfallslega krókaafhlutdeild báts, sem úthlutað er aflahlutdeild miðað við 15 lesta reiknigrunnslágmark, í hlutfalli við fækkun sóknardaga frá 1. september 2001 til 10. maí 2004.

#### 2. gr.

Þrátt fyrir 1. gr. og ákvæði 6. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, skal gefa bátum, sem endurnýjaðir hafa verið á fiskveiðiarinu 2002/2003, kost á að stunda handfæraveiðar í 18 sóknardaga á fiskveiðiarinu 2004/2005 og síðan skal þeim bátum úthlutað krókaafhlutdeild í upphafi fiskveiðiársins 2005/2006 samkvæmt reglum 1. gr. Bátum, sem endurnýjaðir hafa verið frá upphafi fiskveiðiársins 2003/2004 en fyrir 28. maí 2004, skal gefinn kostur á að stunda handfæraveiðar í 18 sóknardaga fiskveiðiarin 2004/2005 og 2005/2006 hvort ár, en síðan skal þeim bátum úthlutað krókaafhlutdeild í upphafi fiskveiðiársins 2006/2007 samkvæmt reglum 1. gr.

Um nýtingu sóknardaga gilda að öðru leyti ákvæði 6. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

## 3. gr.

Það telst endurnýjun báts þegar aðili, sem á bát fyrir, fær sér annan bát og flytur allar sóknarheimildir af þeim, sem hann átti fyrir til hins.

Hafi bátur verið endurnýjaður á tímabilinu 1. september 2001 til 28. maí 2004 skal aflareynsla hans á viðmiðunarárunum reiknuð með við mat á aflareynslu þess báts, sem kemur í hans stað.

## 4. gr.

Fiskistofa skal fyrir 30. júní 2004 gera útgerðum grein fyrir kostum samkvæmt 1. og 2. gr. Þar skal koma fram hvert aflamark hvers báts í einstökum tegundum hefði orðið á fiskveiðiárinu 2003/2004, miðað við úthlutun þess árs.

Útgerðir báta skulu fyrir 10. júlí 2004 skýra Fiskistofu skriflega frá því, hvort viðmiðunarárið skuli lagt til grundvallar við útreikning krókaafhlutdeildar. Jafnframt skulu útgerðir þeirra skipa, sem kost eiga á því að stunda veiðar á sóknardögum, skv. 1. mgr. 2. gr. tilkynna Fiskistofu fyrir 10. júlí, ef þær velja þann kost.

Velji útgerð fyrir 10. júlí 2004 ekki viðmiðunarár til úthlutunar krókaafhlutdeildar, skal úthluta báti hennar krókaafhlutdeild í samræmi við hærri viðmiðunarreynslu bátsins. Tilkynni útgerð, sem á kost að stunda veiðar með sóknardögum, ekki að hún velji þann kost fyrir 10. júlí, skal úthluta báti hennar veiðileyfi með krókaaflamarki þegar í upphafi fiskveiðiársins 2004/2005.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, sbr. lög nr. 147, 20. desember 2003, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. júní 2004.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 73 – 2004

Nr. 486

1220

11. júní 2004

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

#### *Reitur 1.160.3.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 17. febrúar 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.160.3 sem afmarkast af Hólatorgi, Sólvallagötu, Blómvallagötu, Hávallagötu og Garðastræti.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Reitur 1.152.4 Skúlagötusvæði við Lindargötu.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 13. apríl 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.152.4 Skúlagötusvæði við Lindargötu og lóðanna 1.152.208 og 1.152.213 við Lindargötu og Klapparstíg.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Reitur 1.152.5.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 13. apríl 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.152.5 sem afmarkast af Hverfisgötu, Vatnsstíg, Lindargötu og Frakkastíg.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 11. júní 2004.*

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,  
e.u. **Ágústa Sveinbjörnsdóttir.**

## SAMÞYKKT

### um stjórn og fundarsköp Súðavíkurhrepps.

#### I. KAFLI

#### Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

##### 1. gr.

##### *Skipan sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps er skipuð fimm sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

##### 2. gr.

##### *Starfstímabil.*

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

##### 3. gr.

##### *Valdsvið.*

Sveitarstjórn fer með stjórn Súðavíkurhrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

##### 4. gr.

##### *Verkefni sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

##### 5. gr.

##### *Verkefni sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

##### 6. gr.

##### *Verkefni sveitarstjórnar.*

Meðal verkefna sveitarstjórnar er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, nefndir og ráð skv. IV. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.



2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða sveitarstjóra og aðra fasta starfsmenn sveitarfélagsins í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

## II. KAFLI

### Um fundarsköp sveitarstjórnar.

#### 7. gr.

##### *Fundartími sveitarstjórnar.*

Oddviti skal fyrir annan fund nýkjörinnar sveitarstjórnar leggja fram tillögu að áætlun um fundartíma nefndarinnar fyrir næstu 12 mánuði. Reglulegir fundir sveitarstjórnar skulu haldnir samkvæmt áætluninni hljóti hún samþykki sveitarstjórnar.

Endurskoða skal áætlunina á sex mánaða fresti fyrir næsta 12 mánaða tímabil. Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Heimilt er að fresta fundi ef fundarmenn komast ekki til fundar vegna ófærðar.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati sveitarstjóra og oddvita sveitarfélagsins. Skyld er að halda aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

#### 8. gr.

##### *Fyrsti fundur nýkjörinnar sveitarstjórnar.*

Sá kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið sveitarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar.

#### 9. gr.

##### *Boðun sveitarstjórnarfunda.*

Sveitarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar sveitarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi sveitarstjórn ekki gert það.

#### 10. gr.

##### *Boðun sveitarstjórnarfunda.*

Íbúum Súðavíkurbrepps skal kunnbert með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiddan aðgang að auglýsingunni.

#### 11. gr.

##### *Dagskrá sveitarstjórnarfunda.*

Sveitarstjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.

3. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og sveitarstjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarmanna óskar að tekin verði á dagskrá. Sveitarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það á skrifstofu Súðavíkurrepps skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, fundargagna, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri og oddviti telja nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Fundargerð síðasta sveitarstjórnarfundar skal að jafnaði send út eigi síðar en viku eftir fund.

#### 12. gr.

##### *Fundarboðun.*

Sveitarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund hafa sent sveitarstjórnarmönnum og fyrstu varamönnum fundarboð sveitarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

#### 13. gr.

##### *Auglýsing funda.*

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu í anddyri Álftavers, á skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem sveitarstjórn ákveður.

#### 14. gr.

##### *Fundarboðun aukafunda.*

Sveitarstjóri skal boða sveitarstjórnarmenn símleiðis til aukafundar í sveitarstjórn a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Sveitarstjórnarmönnum skal kynnt dagskrá fundarins. Heimilt er þó að boða aukafund með styttri fyrirvara ef aðkallandi mál bíður afgreiðslu, enda sé hann boðaður með dagskrá.

#### 15. gr.

##### *Kosning oddvita og varaoddvita.*

Sá kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn setur fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og stýrir honum uns oddviti sveitarstjórnar hefur verið kjörinn.

Oddviti sveitarstjórnar skal kjörinn til eins árs í senn nema sveitarstjórn ákveði að kjósa hann til fjögurra ára.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meiri hluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafir þrír eða fleiri sveitarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sveitarstjórnar sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita sveitarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema sveitarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

## 16. gr.

*Kosning skrifara.*

Sveitarstjórn getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi sveitarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í sveitarstjórn.

## 17. gr.

*Fundarstaður.*

Sveitarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Sveitarstjórnarfundur skal halda í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamála sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í sveitarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

## 18. gr.

*Lögmæti sveitarstjórnarfunda.*

Sveitarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur sveitarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur sveitarstjórn enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

## 19. gr.

*Fundarstjórn.*

Oddviti sveitarstjórnar stýrir fundum sveitarstjórnar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar og hverjir samþykktu, hverjir voru á móti og hverjir sátu hjá.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á sveitarstjórnarfundum og er sveitarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á sveitarstjórnarfundum.

## 20. gr.

*Dagskrármál.*

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í sveitarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða sveitarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á sveitarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

## 21. gr.

*Afgreiðsla mála við tvær umræður.*

Sveitarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 22. gr.

*Fundarsókn: Varamenn.*

Sveitarstjórnarmanni er skylt að sækja alla sveitarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé sveitarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann í hans stað. Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Þar sem sveitarstjórn hefur verið kjörin í bundinni kosningu taka varamenn sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast.

Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn sveitarstjórnarmaður.

Sveitarstjórn getur heimilað einstaklingi utan sveitarstjórnar að taka til máls á sveitarstjórnarfundi.

## 23. gr.

*Fundarsköp: Vanhæfi.*

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um sveitarstjóra né þegar sveitarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli sveitarstjórnar á því. Sveitarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni.

Sveitarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmaður sé vanhæfur. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

## 24. gr.

*Fundarsköp: Málfrelsi fundarmanna.*

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu sveitarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má



frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða sveitarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala.

## 25. gr.

*Fundarsköp: Takmarkanir á málfrelsi.*

Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal sveitarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó taka oftari en tvisvar til máls við hverja umræðu máls.

Ekki má sveitarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í sveitarstjórn nema með leyfi oddvita.

## 26. gr.

*Fundarsköp: Vítur á sveitarstjórnarmann.*

Beri sveitarstjórnarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við sveitarstjórn að sveitarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust.

Hlýðnist sveitarstjórnarmaður ekki úrskurði oddvita eða sveitarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

## 27. gr.

*Fundarsköp: Meðferð tillagna.*

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskráartillögu um, að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust.

Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

## 28. gr.

*Fundarsköp: Meðferð tillagna.*

Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

## 29. gr.

*Fundarsköp: Afgreiðsla mála.*

Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra. Máli sem sveitarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er sveitarstjórn heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

## 30. gr.

*Atkvæðagreiðsla.*

Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddviti að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu. Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar nema sveitarstjórn samþykki samhljóða annað.

## 31. gr.

*Úrslit atkvæðagreiðslu.*

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fram fara í sveitarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meiri-hlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

## 32. gr.

*Fundarritun: Fundargerð.*

Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan sveitarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók sveitarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema sveitarstjórn ákveði annað.

Sveitarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók sveitarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir sveitarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig

skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Sveitarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Sveitarstjórn getur ákveðið að umræður á sveitarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal sveitarstjórn setja um það nánari reglur.

### III. KAFLI

#### Um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

##### 33. gr.

##### *Skyldur sveitarstjórnarmanna: Fundarseta.*

Sveitarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi sveitarstjórnar nema lögmæt forföll hamli. Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins.

Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnar, svo sem oddvitastörf og önnur störf í nefndum á vegum sveitarstjórnar. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

##### 34. gr.

##### *Skyldur sveitarstjórnarmanna.*

Sveitarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í sveitarstjórn af alúð og samvisku-semi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins, en í störfum sínum er sveitarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

##### 35. gr.

##### *Tillöguréttur.*

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Sveitarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem sveitarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur sveitarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar enda tilkynni hann það sveitarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

##### 36. gr.

##### *Aðgangur að upplýsingum.*

Sveitarstjórnarmaður á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

Með öll slík erindi skulu sveitarstjórnarmenn snúa sér til sveitarstjóra. Ákvæði þetta takmarkar þó eigi rétt sveitarstjórnarmanna sem tilgreindur er í 1. mgr. þessarar greinar og 30. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 37. gr.

*Bókanir.*

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í sveitarstjórn.

## 38. gr.

*Þagnarskylda.*

Sveitarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

## 39. gr.

*Lausn úr sveitarstjórn.*

Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórn, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er sveitarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal sveitarstjórn þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

## 40. gr.

*Þóknun sveitarstjórnarmanna.*

Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn.

Sveitarstjórnarmaður sem þarf að fara um langan veg milli heimilis og fundarstaðar sveitarstjórnar skal auk þess fá greiddan ferðakostnað.

Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

## 41. gr.

*Orlof.*

Haga skal fundum sveitarstjórnar þannig að sveitarstjórnarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

## 42. gr.

*Skyldur varamanna.*

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í sveitarstjórn.

## IV. KAFLI

**Nefndir, ráð og stjórnir.**

## 43. gr.

*Kosningar í ráð og nefndir.*

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver sveitarstjórnarmanna óskar þess.



Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

## 44. gr.

*Boðun fyrsta fundar nefnda, ráða og stjórna.*

Oddviti sveitarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af sveitarstjórn. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða sveitarstjórn ákveði annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

## 45. gr.

*Skyldur sveitarstjórnarmanna.*

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögमत forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flýst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

## 46. gr.

*Lokaðir fundir.*

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

## 47. gr.

*Fundarstjórn nefndafunda.*

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

## 48. gr.

*Hlutverk og valdsvið nefnda.*

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn til ákvörðunar.

## 49. gr.

*Fundargerðabækur.*

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 31. gr.

## 50. gr.

*Afgreiðsla fundargerða nefnda, ráða og stjórna.*

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá næsta fundar sveitarstjórnar að afloknum nefndarfundi.

Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar sveitarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir.

Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir sveitarstjórn.

## 51. gr.

*Nefndir, ráð, stjórnir, tilnefningar og kosningar.*

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Sveitarstjórn fer með hlutverk annarra lögboðinna nefnda sem ekki eru taldar upp hér á eftir:

1. *Almannavarnanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
2. *Barnaverndarnefnd*. Nefndin er sameiginleg með Ísafjarðarbæ og Bolungarvíkurkaupstað. Súðavíkurhreppur kýs einn aðalmann og einn til vara skv. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
3. *Búfjárefntirlitsnefnd*. Nefndin er sameiginleg með Ísafjarðarbæ og Bolungarvíkurkaupstað. Súðavíkurhreppur kýs einn aðalmann og einn til vara skv. 7. gr. reglugerðar um búfjárefntirlit nr. 743/2002.
4. *Bókasafnsnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
5. *Félagsmálanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, skv. 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 og skv. 6. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.
6. *Fræðslu- og tómstundanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1995.
7. *Hafnarstjórn Súðavíkurhafnar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. hafnalaga nr. 61/2003.
8. *Bygginga- og umhverfisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
9. *Yfirkjörstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara í undirkjörstjórnir, jafnmargir og kjördeildir eru.
10. *Landbúnaðarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. erindisbréf.
11. *Skoðunarmenn sveitarsjóðsreikninga*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
12. *Stjórn félagsheimilisins í Súðavík*. Tveir aðalmenn og tveir til vara.
13. *Skólanefnd útibús Tónlistarskóla Ísafjarðar*. Tveir aðalmenn og tveir til vara skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
14. *Fjórðungsping Vestfjarða*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara á þing fjórðungssambands Vestfirðinga samkvæmt samþykktum samtakanna.
15. *Samband íslenskra sveitarfélaga*. Einn aðalmaður og einn til vara á landsþing samtakanna.
16. *Stjórn Grundarstrætis ehf.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.
17. *Sumarbyggð ehf.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.

Auk þess fulltrúar í aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarstjórn hefur ákveðið og á aðalfundi samtaka sem sveitarfélagið á aðild að.

## 52. gr.

*Aðrar nefndir.*

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Sveitarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

## V. KAFLI

**Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.**

## 53. gr.

*Ráðning sveitarstjóra.*

Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af sveitarstjórn.

## 54. gr.

*Hlutverk sveitarstjóra.*

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins. Hann undirbýr fundi sveitarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum sveitarstjórnar og hefur þar málfrælsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarstjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnar þarf til. Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans nema sveitarstjórn ákveði annað.

## 55. gr.

*Starfsmannaráðning.*

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

## 56. gr.

*Ráðning fastráðinna starfsmanna.*

Sveitarstjórn ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 54. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem sveitarstjórn setur.

## 57. gr.

*Ráðning lausráðinna starfsmanna.*

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

## 58. gr.

*Kjör og skyldur starfsmanna.*

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI  
Um fjármálastjórn Súðavíkurhrepps.

59. gr.

*Fjárhagsáætlanir.*

Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun sveitar-  
sjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir næsta ár að undangengnum tveimur  
umræðum í sveitarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal  
sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal  
koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk  
áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur sveitarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna  
sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna  
á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa  
hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Sveitarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélags-  
ins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

60. gr.

*Um fjárveitingar og útgreiðslur.*

Fjárhagsáætlun skv. 59. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og  
fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr  
sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samnings-  
bundin eða samþykkt af sveitarstjórninni.

Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt  
taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækun annarra  
útgjalda, auknum tekjum, lánsfé eða af eigin fé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyt-  
ing á fjárhagsáætluninni.

61. gr.

*Endurskoðun fjárhagsáætlunar.*

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er sveitarstjórn heimilt að endurskoða  
fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir sveitarstjórn við eina umræðu á sveitarstjórn-  
arfundum, enda hafi breytingatillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í sveitarstjórn með dag-  
skrá viðkomandi sveitarstjórnarfundar.

62. gr.

*Þriggja ára áætlun.*

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára  
áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal  
vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af sveit-  
arstjórn innan tveggja mánaða frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

63. gr.

*Skil á fjárhagsáætlunum.*

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjár-  
hagsáætlun skv. 59. gr. og þriggja ára áætlun skv. 62. gr. Sama á við um fjárhagsáætlanir  
samkvæmt þessum kafla.



64. gr.

*Endurskoðun ársreikninga.*

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Sveitarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess fyrir 1. júní ár hvert. Sveitarstjórnarmenn og sveitarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Súðavíkurbrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Súðavíkurbrepps nr. 545/1996.

*Félagsmálaráðuneytinu, 4. júní 2004.*

F. h. r.

**Guðjón Bragason.**

*G. Dýrleif Kristjánsdóttir.*

**AUGLÝSING****um breytingu á deiliskipulagi Hrauns 1 í Fjarðabyggð.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 19. maí 2004 samþykkt breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðisins Hraun 1 á Reyðarfirði.

Breytingin gerir ráð fyrir:

1. Stækkun byggingarreits á lóð nr. 1 til suðurs að hafnarsvæði.
2. Breyttri legu, stærð og númerun iðnaðarlóða við aðkomuleið að hafnarsvæði.
3. Breyttri legu hafnarkants.
4. Breyttri legu aðkomuleiðar að hafnarsvæði.
5. Breyttri aðkomu frá þjóðvegi að lóð nr. 1.

Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Fjarðabyggð, 8. júní 2004.*

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar

**Guðmundur Bjarnason** bæjarstjóri.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag við Langholt á Selfossi, Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 12. maí 2004 tillögu að deiliskipulagi fyrir verslunar- og þjónustulóð við Langholt á Selfossi.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:500 þann 20. ágúst 2003 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 6. febrúar 2004 til og með 5. mars 2004 með athugasemdafresti til og með 19. mars 2004.

Uppdráttur og greinargerð fyrir tillögunu hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Selfossi, 8. júní 2004.*

F.h. Bárðar Guðmundssonar, skipulags- og byggingarfulltrúa,

**Kjartan Sigurbjartsson.**

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, breyting við Vesturlandsveg.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júní 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Lega stofnbrautar frá Vesturlandsvegi til austurs breytist.
- Tengibraut austan Vesturlandsvegar færir vestur fyrir veginn að hluta og því samhliða eru gerðar breytingar á göngu- og reiðstígum.
- Miðsvæði M8, norðan tengibrautarinnar, er breytt í opið svæði til sérstakra nota og merkt kirkjugarður en miðsvæðið færir að hluta vestur fyrir Vesturlandsveg.
- Skilgreiningar á miðsvæðum á skipulagssvæðinu eru endurskoðaðar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 9. júní 2004.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, Reykjanesbraut.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júní 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að landnotkun á svæði Reykjanesbrautar þar sem skipulagi var frestað er skilgreind þannig að stofnbrautin er sýnd ásamt tengibrautum innan marka skipulagsbreytingarsvæðisins. Meginönguleiðum er breytt lítillaga frá gildandi skipulagi til samræmis við verkhönnun og deiliskipulag og sýnd er lega undirganga fyrir göngustíga.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 9. júní 2004.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Fellahrepps 2000-2012, stækkun þéttbýlis.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júní 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Fellahrepps 2000-2012 frá 11. febrúar 2001.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Þéttbýli er stækkað til norðurs og vesturs.
- Íbúðarsvæði er stækkað til norðurs og vesturs og kemur í stað landbúnaðarsvæðis. Gert er ráð fyrir 230-240 íbúðum á svæðinu (Í10) miðað við blandaða húsagerð og allt að 645 íbúum.
- Reitur SF1 þar sem skipulagi var frestað verður verslunar- og þjónustusvæði (V6).
- Reitur SF2 þar sem skipulagi var frestað verður athafnasvæði (A5).
- Miðsvæði M er stækkað til norðvesturs.
- Nýtt iðnaðar- og námusvæði I4.
- Nýtt iðnaðarsvæði I5.
- Ný vegtenging og nýir tengivegir inn á fyrirhugað íbúðarsvæði.
- Breytt afmörkun iðnaðarsvæðis I1 og breyting á afmörkun opins svæðis til sérstakra nota og íbúðarsvæðis I8 til samræmis.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Fellahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 9. júní 2004.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Eskifjarðar 1988-2008, Strandgata 64 og 66.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júní 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eskifjarðar 1988-2008, frá 21. maí 1990.

Breytingin felst í því að landnotkun á lóðunum nr. 64 og 66 við Strandgötu er breytt úr iðnaðarsvæði í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 9. júní 2004.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi norðan Skarðsheiðar 1997-2017, Sultartangalína 3, Skorradalshreppi og Borgarfjarðarsveit.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júní 2004 staðfest breytingu á svæðisskipulagi norðan Skarðsheiðar 1997-2017 frá 19. febrúar 1998.

Breytingin felst í nýrri 400 kV háspennulínu, Sultartangalínu 3 (SU3) sem liggur um mörg sveitarfélög milli tengivirkis í Sultartangastöð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og að tengivirki á Brennimel í Hvalfjarðarstrandarhreppi. Línan kemur inn á skipulagssvæðið norðan Skarðsheiðar á Uxahrygg austan við Uxavatn og Reyðarvatn og fer út af svæðinu á Sesseljuhrygg norðan Brekkukambs.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórna Skorradalshrepps og Borgarfjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 9. júní 2004.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010, stækkun þéttbýlis í Fellahreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júní 2004 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010, frá 31. ágúst 2001.

Breytingin felst í því að þéttbýlissvæðið Fellabær er stækkað úr 68 ha í 146 ha. Svæðið sem tekið er undir þéttbýli er annars vegar skilgreint í gildandi svæðisskipulagi sem landbúnaðarsvæði og hins vegar sem iðnaðarsvæði (svæði I5).

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Fellahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 9. júní 2004.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## REGLUR

### um greiðslu eftirlauna forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara.

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglur þessar taka til greiðslu eftirlauna og lífeyris úr ríkissjóði samkvæmt lögum nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, sem tóku gildi þann 30. desember 2003.

Reglurnar taka ekki til hæstaréttardómara sem veitt er lausn samkvæmt 61. gr. stjórnarskrárinnar.

2. gr.

*Réttindi.*

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins skal halda skrá yfir áunnin réttindi til eftirlauna úr ríkissjóði og senda árlega upplýsingar til rétthafa.

3. gr.

*Um ákvörðun eftirlauna ráðherra og alþingismanna.*

Við ákvörðun á rétti til töku eftirlauna skal telja með þann tíma sem ráðherra eða alþingismaður hefur átt rétt til biðlauna samkvæmt lögum um þingfararkaup.

Alþingismaður eða ráðherra sem öðlast hefur eftirlaunarétt samkvæmt eldri lögum getur við upphaf lífeyristöku valið að taka eftirlaun samkvæmt þeim eða lögum nr. 141/2003.

Réttur til eftirlauna alþingismanns og réttur til eftirlauna ráðherra skal að þessu leyti metinn óháður hvor öðrum.

4. gr.

*Um ákvörðun eftirlauna hæstaréttardómara.*

Hæstaréttardómurum, sem eiga aðild að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins við gildistöku laga nr. 141/2003, er heimilt að greiða iðgjald til þeirrar deildar meðan þeir eru í starfi, enda fer þá um réttindi þeirra, maka þeirra og barna samkvæmt reglum deildarinnar.

Eftirlaunahlutfall hæstaréttardómara sem hefja greiðslur til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, skv. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 141/2003, reiknast miðað við heildarskipunartíma við Hæstarétt enda virkjust áunninn réttur í B-deild ekki fyrir sama tímabil.

5. gr.

*Útreikningur.*

Sá sem öðlast hefur rétt til eftirlauna eða lífeyris skv. 1. gr. skal leita eftir útreikningi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á réttindum sínum. Réttur til eftirlauna eða lífeyris reiknast frá næstu mánaðamótum eftir að hann stofnast.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins reiknar út réttindahlutfallið og greiðslur úr ríkissjóði. Frá þeim ber að draga áunninn lífeyri í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem rekja má til greiddra iðgjalda samkvæmt lögum nr. 141/2003.

Um afgreiðslu annarra réttinda sem leiða til greiðslna úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins fer eftir gildandi lögum og samþykktum sjóðsins.

6. gr.

*Greiðsla.*

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins annast greiðslu fullra eftirlauna eða lífeyris samkvæmt reglum þessum. Þeim hluta greiðslunnar sem kemur úr ríkissjóði ber fjármálaráðuneytinu að skila sjóðnum mánaðarlega fyrir greiðsludag.

7. gr.

*Tilkynningar.*

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins tilkynnir réttthafa og fjármálaráðuneyti niðurstöðu útreiknings. Í tilkynningu komi fram forsendur að baki útreikningi s.s. ávinnslutími og frádráttur lífeyris úr A-deild LSR. Jafnframt skal veita leiðbeiningar um rétt til að skjóta ágreiningi til úrskurðarnefndar, sbr. 8. gr.

8. gr.

*Úrskurðarnefnd.*

Verði ágreiningur um ákvörðun réttinda, skv. lögum nr. 141/2003, er unnt að skjóta honum til þriggja manna nefndar. Forseti Alþingis, fjármálaráðherra og forseti Hæstaréttar tilnefna einn mann hver í nefndina til þriggja ára í senn. Nefndin kys sér formann og skiptir með sér verkum.

Nefndin skal halda fundargerð um störf sín sem varðveitt skal í skjalasafni Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins ásamt gögnum einstakra mála.

Fjármálaráðuneytið greiðir kostnað af störfum nefndarinnar.

## 9. gr.

*Réttaráhrif málskots.*

Ákvörðun fjármálaráðuneytis eða réttihafa um að skjóta útreikningi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins til úrskurðarnefndar skal berast nefndinni innan sex vikna frá tilkynningu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um útreikninginn. Málskot frestar ekki útborgun eftirlauna. Úrskurðarnefnd skal kveða upp úrskurð eins fljótt og verða má.

Feli niðurstaða úrskurðarnefndar í sér breytingu til hækkunar á útreikningi eftirlauna gildir hún frá þeim tíma sem réttur til eftirlauna stofnaðist. Leiði breytingin til lægri útreiknings gildir hann frá því að tilkynning um niðurstöðu nefndarinnar berst réttihafa.

## 10. gr.

*Kostnaður.*

Fjármálaráðuneytið ber kostnað af framkvæmd laga nr. 141/2003 og gerir samning við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins um uppjör á kostnaði sjóðsins af framkvæmd laganna.

## 11. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 141/2003, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 7. júní 2004.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Marianna Jónasdóttir.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 308/1994, um útibú og umboðsskrifstofu lánastofnunar með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.**

## 1. gr.

Orðin: „auk þess að vera mæltur á íslenska tungu“, falla brott úr 2. gr.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 35. gr. laga nr. 161/2002, um fjármála-fyrirtæki, öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytinu, 4. júní 2004.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Benedikt Árnason.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur.

Samkvæmt lögum nr. 139, 21. desember 2001 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur, er taki gildi 1. júlí 2004:

Gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 101, 23. janúar 2004, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir fyrir heitt vatn hækka um 2,6%.

*Iðnaðarráðuneytinu, 4. júní 2004.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Benedikt Árnason.*

4. júní 2004

Nr. 499

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarskóp Rangárþings ytra nr. 513/2002.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. verður svohljóðandi:

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði að jafnaði fyrsta miðvikudag hvers mánaðar. Sveitarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00. Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

2. gr.

1. mgr. 65. gr. verður svohljóðandi:

Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun sveitarstjós, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir næsta ár að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

3. gr.

1. mgr. 68. gr. verður svohljóðandi:

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan tveggja mánaða frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 4. júní 2004.*

F. h. r.

**Guðjón Bragason.**

*G. Dýrleif Kristjánsdóttir.*



## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Austur-Héraði.

Bæjarstjórn Austur-Héraðs hefur þann 3. nóvember 2003 samþykkt deiliskipulag fyrir íbúðasvæði í Selbrekku á Egilsstöðum, efra svæði.

Á svæðinu eru íbúðagöturnar Bjarkasel, Egilssel, Flatasel, Klettasel og Dalssel, samtals 44 íbúðarlóðir.

Ofangreint deiliskipulag hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Egilsstöðum, 9. júní 2004.*

**Pórhallur Pálsson** skipulagsfulltrúi.

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Svalbarðsstrandarhrepps, nr. 689/1998, með síðari breytingum.

1. gr.

7. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í mánuði, annan þriðjudag hvers mánaðar, eða samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar.

Sveitarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 14.00. Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og framkvæmdastjóra sveitarfélagsins og skylt er að halda aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

Samþykkt þessi, sem sett er af sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 4. júní 2004.*

F. h. r.

**Guðjón Bragason.**

---

*G. Dýrleif Kristjánsdóttir.*

# GJALDSKRÁ

## um sorphreinsun í Skaftárhreppi.

### 1. gr.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps leggur á árlegt sorphreinsunargjald (sorphirðu- og sorpeyðingargjald) í Skaftárhreppi og er það innheimt með fasteignagjöldum, samkvæmt samþykkt um sorphreinsun í Skaftárhreppi nr. 342/2004.

### 2. gr.

Til íbúða teljast heimili í dreifbýli og íbúðir á Kirkjubæjarklaustri.

Til lögbýla teljast búhlutar jarða í ábúð þar sem stundaður er hefðbundinn landbúnaður í atvinnuskyni.

Til fyrirtækja teljast þeir lögaðilar sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur.

Frístundahús eru sumarbústaðir og fasteignir aðrar sem notaðar eru í sambærilegum tilgangi.

### 3. gr.

Árlegt sorphreinsunargjald er sem hér segir:

a.	Íbúðir	kr. 12.000
b.	Lögbýli	
	Sorphreinsunargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:	
	Flokkur b1	kr. 9.000
	Flokkur b2	kr. 18.000
c.	Fyrirtæki	
	Sorphreinsunargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:	
	Flokkur c1	kr. 12.000
	Flokkur c2	kr. 36.000
	Flokkur c3	kr. 72.000
	Flokkur c4	kr. 144.000
d.	Frístundahús, sorpeyðingargjald	kr. 3.000

Sveitarstjórn skipar lögbýlum og fyrirtækjum í flokka samkvæmt b og c. Við flokkun er miðað við umfang starfsemi og áætlað magn úrgangs. Sorphirða fer ekki fram á vegum sveitarfélagsins við frístundahús.

### 4. gr.

Eigendur lögbýla og fyrirtækja geta farið fram á endurskoðun á ákvörðun um flokkun samkvæmt c og d lið 3. greinar og skal beiðni þar um vera skrifleg. Sveitarstjórn er heimilt að endurákarða flokkun ef ástæða þykir til.

### 5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af sveitarstjórn Skaftárhrepps, samkvæmt 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands, samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

*Kirkjubæjarklaustri, 7. apríl 2004.*

F.h. sveitarstjórnar,

**Gunnsteinn R. Ómarsson** sveitarstjóri.

## SAMÞYKKT

### um gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald og þjónustugjöld í Sveitarfélaginu Ölfusi.

#### A. Framkvæmdaleyfi samkvæmt 27. gr. laga nr. 73/1997.

##### 1. *Fjárhæð og grundvöllur framkvæmdaleyfisgjalds.*

Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis ákveður bæjarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar. Lágmarksgjald skal þó vera kr. 20.348 enda geti sveitarfélagið ætíð, þegar lágmarksgjaldi er beitt, sýnt fram á að það hafi borið a.m.k. þann kostnað við útgáfu leyfis. Gjald þetta skal bundið vísitölu byggingarkostnaðar m.v. grunnvísitölu í apríl 2004, 292,2 stig. Fjárhæð gjalds skal ekki nema hærri fjárhæð, en nemur kostnaði þeim, er sveitarfélagið verður fyrir vegna útgáfu, undirbúnings leyfisins, yfirferð hönnunargagna og eftirlits. Þegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000 er nauðsynlegur undanfari útgáfu framkvæmdaleyfis, telst kostnaður, sem sveitarfélagið hefur vegna þess, hluti af kostnaði við undirbúning leyfisins.

##### 2. *Gjaldldagi.*

Framkvæmdaleyfisgjald skal greiða við útgáfu leyfis.

Heimilt er þó að semja við framkvæmdaleyfishafa um fyrirkomulag greiðslna. Í því tilviki skal liggja fyrir skriflegur samningur sveitarfélags og framkvæmdaleyfishafa við útgáfu framkvæmdaleyfis.

##### 3. *Innheimta gjalda.*

Framkvæmdaleyfisgjaldi fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð þar sem við getur átt og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi, án undangengins dóms eða réttar-sáttar.

Framkvæmdaleyfisgjald er ekki endurkræft þótt framkvæmdaleyfi falli úr gildi.

##### 4. *Gjaldtökuheimild.*

Um gjaldtöku samkvæmt gjaldskrá þessari fer samkvæmt 53. gr. laga nr. 73/1997 og 9. kafla skipulagsreglugerðar nr. 400/1998.

Gjaldtaka vegna leyfa samkvæmt 3. tl. og 4. tl. bráðabirgðaákvæða laga nr. 73/1997 fer eftir sömu ákvæðum.

#### B. Gatnagerðargjald.

##### 1. gr.

Af öllum lóðum og nýbyggingum og stækkunum eldri húsa í Þorlákshöfn og í dreifbýli Ölfuss, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum, skulu lóðarhafar greiða til sveitarfélagsins eftirtalin gjöld samkvæmt samþykkt þessari. Gatnagerðargjald sem byggir á lögum um gatnagerðargjöld nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjöld nr. 543/1996.

Öll framangreind gjöld eru, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, tryggt með lögveðs-rétti í viðkomandi fasteign og eru aðfararhæf skv. 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989. Lóðarhafi ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalda. Bæjarstjórn er heimilt að falla frá gjaldtöku gatnagerðargjalda samkvæmt 24. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

##### 2. gr.

Gatnagerðargjaldi skv. 1. gr. skal varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu, svo sem til að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum, m.a. vegna götulýsingar og til að leggja bundið slitlag, gangstéttir, umferðareyjar og þess háttar þar sem gert er ráð fyrir því í skipulagi.

Tekjum sveitarfélagsins vegna stofngjalds vatnsveitu skv. 1. gr. skal varið til þess að standa straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu.

Tekjum sveitarfélagsins vegna stofngjalds holræsa skv. 1. gr. skal varið til lagningar og viðhalds holræsa (fráveitna).

Tekjur sveitarfélagsins vegna byggingarleyfisgjalds skv. 1. gr. skulu standa undir þeim kostnaði sem tilgreindur er í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

### 3. gr.

Gatnagerðargjald er reiknað út frá eftirfarandi forsendum:  $m^2$  er margfeldi af lóðarstærð og hámarksnýtingarhlutfalli lóðar og byggingarkostnaði vísitöluhúss eins og hann er samkvæmt útreikningum frá Hagstofu Íslands, hverju sinni.

Byggingarkostnaður vísitöluhúss í apríl 2004 er: 91.159,09 kr./ $m^2$  og 30.771,00 kr./ $m^3$ . Hámarks- og lágmarksgjöld taka breytingum miðað við byggingarvísitölu. Byggingarvísitala 1. apríl 2004 er 292,2 stig.

I	Gatnagerðargjald	Gjald kr./íbúð		Lóð $m^2$ /nýtingarhl.	
		Lágmark	Hámark	Hlutfall	kr./ $m^2$ lóðar
1	Einbýlishús	1.020.000	1.420.000	5,0%	4.558
2	Parhús	570.000	710.000	3,5%	3.191
3	Raðhús	570.000	710.000	3,5%	3.191
4	Fjölbýlishús	380.000	500.000	3,0%	2.735
5	Glerskálar með gegnsæju þaki			0,0%	0
6	Stækkun íbúða með byggingarl. fyrir árið 1997, sjá 4. gr.d				
7	Iðnaður			5,0%	4.558
8	Gróðurhús sérbyggð hús			3,5%	3.191
9	Verslun/þjónusta/önnur hús			5,5%	5.014

II	Úthlutunargjald (greiðist upp í gatnagerðargjald)	Hlutfall	kr.
1	Íbúðir, gjald pr. íbúð á lóð	16,45%	15.000
2	Atvinnuhúsnaði, pr. lóð	109,70%	100.000

### 4. gr.

- Fyrir lóð fyrir atvinnustarfsemi, grófiðnað, er ekki fellur undir töflu 1. Reikna skal nýtingarstuðul lóðar samkvæmt deiliskipulagi og margfalda gólfhlöt sem þá reiknast með kr. 3.798.
- Af þeim hluta atvinnuhúsnaðis sem fellur undir 2ja metra lofthæð skal greiða 50% gatnagerðargjalds pr. ferm.
- Fyrir lóð fyrir atvinnuhúsnaði á hafnarsvæði, samkvæmt samþykktu deiliskipulagi, skal reikna nýtingarstuðul lóðar samkvæmt deiliskipulagi og margfalda gólfhlöt sem þá reiknast með kr. 5.697.
- Fyrir viðbyggingar eða nýbyggingar á lóðum sem úthlutað var fyrir gildistöku laga nr. 17/1996 skal gatnagerðargjald reiknað miðað við rúmmetrastærð við- eða nýbyggingar. Gjaldið nemur ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra í vísitöluhúsi eins og hann er í samsvarandi einingu vísitöluhúss samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á hverjum tíma:

III	Gatnagerðargjald	Hlutfall	kr./m <sup>3</sup> húss
1	Einbýlishús	3,0%	923
2	Parhús	2,0%	615
3	Raðhús	2,0%	615
4	Fjölbýlishús	1,0%	308
5	Opinberar byggingar	3,0%	923
6	Verslun/þjónusta	3,0%	923
7	Iðnaðarhús	1,5%	462
8	Gróðurhús	0,3%	92
9	Bifreiðageymslur	3,0%	923

Samanlagt gjald af eldra húsnæði og við- eða nýbyggingu, reiknað skv. rúmmetragjaldi, skal þó aldrei vera hærra en gjald miðað við fermetrastærð viðkomandi lóðar skv. 3. gr.

#### 5. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka gjaldskrá gatnagerðargjalda um 35% og lækka um allt að 35% vegna breytilegs kostnaðar við undirbyggingu og frágang gatna eftir hverfum, m.a. vegna kostnaðar við land, jarðvegsdýpi, stærð lóðar við götu, staðsetningu lóðar, verðmæti lóðar, þversnið lóðarfrágangs o.fl.

#### 6. gr.

Ákveði bæjarstjórn að hækka eða lækka gjaldskrá nýrra hverfa eða byggðakjarna, sbr. gr. 6, skal það liggja fyrir jafnhliða útgáfu byggingarskilmála viðkomandi hverfa.

#### 7. gr.

Skapist innan hverfa sérstakar aðstæður s.s. erfiðar lóðir í vinnslu, óhagstæð staðsetning eða annað sem valdið getur umtalsverðum auknum kostnaði við undirbúning byggingarfrankvæmda, getur bæjarstjórn ákvarðað frávik gatnagerðargjalda skv. gr. 6.

#### 8. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að leita tilboða í tiltekna lóðir þar sem sérstaklega stendur á, m.a. þar sem ætlast er til að lóðarhafi annist gatnagerðarfrankvæmdir að hluta eða að bæjarstjórn hyggst kaupa hluta áformaðra frankvæmda lóðarhafa.

#### 9. gr.

Lágmarksgjald skal þó aldrei vera hærra en skv. 3. gr. laga nr. 17/1996. Fjárhæð lágmarksgatnagerðargjalds breytist fyrsta dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á bygginkostnaði vísitöluhússins.

Lágmarksgatnagerðargjald af öðrum lóðum skal taka mið af nýtingarmöguleika á lóð skv. því skipulagi sem gildir við lóðarúthlutun.

#### 10. gr.

Gjald dagar gatnagerðargjalds eru eftirfarandi:

Gjald dagar gatnagerðargjalds skulu vera sem hér segir: Við lóðarveitingu skal greiða 15% af áætluðu gatnagerðargjaldi, innan eins mánaðar frá lóðarveitingu.

Þegar byggingarleyfi er veitt skal greiða næstu 20%, eða þá verði komin 35%, af reiknuðum gatnagerðargjöldum, sem breytist samkvæmt byggingarvísitölu á hverjum tíma. Eftirstöðvar, 65% af gatnagerðargjöldunum, greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu

fjórum árum. Gjaldldagi afborgana er 1. júlí ár hvert. Vextir greiðast eftir á, á sömu gjald-dögum og skulu þeir fylgja vöxtum almennra húsnæðislána.

Bæjarstjórn er heimilt, þegar ástæða þykir til að ákveða rýmri greiðslutilhögun á gatna-gerðargjaldi, en að ofan greinir.

Bæjarstjórn getur veitt sérstakan greiðslufrest á gatnagerðargjaldi tengdu veitingu bygg-ingarleyfis, þegar byggt er atvinnuhúsnæði eða húsnæði til endursölu, samkvæmt sérstökum greiðslusamningi sem kveður á um skilmála og greiðslukjör.

Lóðir eru veittar í því ástandi sem þær eru við úthlutun, og á lóðarhafi engar kröfur á hendur sveitarsjóði vegna ástands þeirra. Á tímabilinu frá október til maí, ár hvert, áskilur Sveitarfélagið Ölfus sér rétt að fresta framkvæmdum við götur, holræsi og vatn, hamli veð-urfar framkvæmdum.

#### 11. gr.

Hafi byggingarleyfi fallið eða verið fellt úr gildi skal við endurnýjun þess greiða gatna-gerðargjald skv. gildandi gjaldskrá fyrir þann hluta byggingarinnar sem ekki hefur verið greitt fyrir áður.

#### 12. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður gatnagerðargjald bygginga á vegum Sveitarfélags-ins Ölfuss og stofnana innan sveitarfélagsins, svo og líknarféлага og annarra sambærilegra féлага, enda verði slíki kvöð þinglýst á eignina og fellur heimildin niður þegar eignin fer undir aðra starfsemi, en hér er getið. Í þeim tilfellum ber að greiða gatnagerðargjald af eign-inni á verðlagi þess dags sem eignin fer undir aðra starfsemi.

Bæjarstjórn getur ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum er byggingar falla ekki undir ákvæði gjaldskrár þessarar.

#### 13. gr.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt í eftirtöldum tilvikum:

1. Ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð.
2. Ef gatnagerðargjald hefur verið greitt í tengslum við útgáfu byggingarleyfis, en leyfið fellur úr gildi.

Endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. lið 1 hér að ofan er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju, en þó ekki lengur en í 6 mánuði.

Frestur til endurgreiðslu er í öðrum tilvikum er 1 mánuður frá því að lóðarhafi krefst endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. lið 2 hér að ofan.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt og verðbætt, án vaxta, miðað við vísitölu byggingar-kostnaðar, frá því lóðarhafi greiddi gatnagerðargjaldið til endurgreiðsludags. Við framkvæmd ákvæða þessarar greinar skal stuðst við 9. gr. reglugerðar nr. 543/1996.

Kostnaður lóðarhafa vegna lóðar sem er skilað eða byggingarleyfi afturkallað af vegna atriða er varða lóðarhafa, svo sem hönnunar- og rannsóknakostnaður á lóðinni eða fram-kvæmdir unnar samkvæmt grafrarleyfi áður en byggingarleyfi er gefið út, er ekki endur-greiddur af sveitarfélaginu. Sé byggingarleyfi afturkallað vegna atriða er ekki varða lóðar-hafa gilda ákvæði 5. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 543/1996 varðandi endurgreiðslu kostnaðar til lóðarhafa. Þó skal hönnunarkostnaður vegna byggingar og rannsóknakostnaður á lóðinni ekki endurgreiddur.

Sé lóð afturkölluð eða byggingarleyfi fellt úr gildi eftir að undirstöður eru fullgerðar, eða á síðari stigum byggingarframkvæmda, skal dómkveðja tvo matsmenn til að verðleggja þær framkvæmdir sem unnar hafa verið, enda hafi þær verið teknar út og viðurkenndar af byggingarfulltrúa. Kostnað vegna matsins greiða sveitarfélagið og lóðarhafi að jöfnu. Sveit-

arfélagið Ölfus skal leysa til sín lóðina með mannvirkjum á grundvelli mats hinna dómkvöddu matsmanna að frádreginni hlutdeild lóðarhafa í kostnaði vegna matsgerðarinnar.

#### 14. gr.

Heimild til afturköllunar byggingarleyfis ef gatnagerðargjald er ekki greitt:

Nú greiðir lóðarhafi ekki gatnagerðargjald á tilskildum tíma og er bæjarstjórn þá heimilt að afturkalla byggingarleyfið og/eða lóðarúthlutun og skal kveðið svo á í úthlutunar- eða byggingarskilmálum.

Hafi teikningar af fyrirhuguðu húsi ekki borist byggingarnefnd til samþykktar innan 6 mánaða frá úthlutun lóðar, fellur lóðarúthlutunin úr gildi og endurgreiðast gatnagerðargjöld samkvæmt gr. 13, lið 2.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir þ.e. að lóð fellur aftur til bæjarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest.

#### 15. gr.

Undantekningar:

- A) Af auknu flatarmáli íbúðarhúsa á lóðum sem úthlutað var fyrir gildistöku laga nr. 17/1996, 15 ára og eldri, sem leiðir af endurbótum á þeim t.d. með byggingu anddyris, yfirbyggingu svala, glerskála o.þ.h. skal ekki greiða gatnagerðargjald enda nemi stækkunin ekki meiru en 30 m<sup>2</sup> á hverja íbúð. Undanþága þessi tekur ekki til bílgeymslu eða bílskýla. Þegar stækkun nemur meiru en 30 m<sup>2</sup>, eða þegar um bílgeymslu eða bílskýli er að ræða, skal gatnagerðargjald reiknast í samræmi við 4. gr., d-lið, hér að framan. Ef um stækkun er að ræða reiknast gatnagerðargjald eingöngu af þeim rúmmetrum sem eru umfram framangreinda viðmiðun. Tilheyri stækkunin sameign fjöleignarhúss, skal meta hana eins og ef um stækkun vegna einnar íbúðar væri að ræða. Við ákvörðun gatnagerðargjalds samkv. þessum tölulíð skal meta í einu lagi þær stækkanir sem samþykktar hafa verið á sama húsi á næstu 5 árum á undan.
- B) Ef lóðarhafi rífur íbúðarhús eða flytur það af lóð og byggir annað með sama íbúðarfjölda reiknast ekki gatnagerðargjald þó um stækkun sé að ræða. Verði um fjölgun íbúða að ræða greiðist a.m.k. lágmarksgjald sbr. 3. gr. hér að framan. Sama gildir ef íbúðarhús brennur og byggt er að nýju á sömu lóð.
- C) Ef atvinnuhús er rífið eða brennur og annað stærra er byggt á sömu lóð, greiðist gatnagerðargjald af stækkun gólfflatar og/eða breyttri nýtingu. Ekki verður gatnagerðargjald endurgreitt ef minna hús er byggt á lóðinni eða nýtingu breytt.

#### 16. gr.

Áfangaskipti framkvæmda:

Í þeim tilvikum þegar lóðarhafi ætlar að byggja í áföngum, getur bæjarstjórn heimilað áfangaskiptingu og þá skal gatnagerðargjald hverju sinni vera skv. gjaldskrá sem í gildi er þegar byggingarleyfi hvers áfanga er útgefið. Umsækjandi skal taka það sérstaklega fram í umsókn um úthlutun lóðar að hann ætli að reisa fyrirhugað mannvirki í áföngum.

Verði heimiluð áfangaskipti falla áætluð gjöld í gjalddaga í samræmi við samþykkt áfangaskiptingu eða samþykkt bæjarstjórnar.

#### 17. gr.

Eldri samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld:

Samningar um gatnagerðargjöld af tilteknum lóðum sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við Sveitarfélagið Ölfus fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, svo og skilmálar varð-

andi gatnagerðargjöld sem bæjaryfirvöld hafa sett fyrir sömu tímamörk og lóðarhafi eða lóðareigandi hefur undirgengist, halda gildi sínu sbr. 2. tl. í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 17/1996 nema aðilar séu um annað sáttir.

### C. Um stofngjald holræsa.

18. gr.

Stofngjald fráveitu (holræsa) skal innheimta af öllum fasteignum sem tengdar eru við fráveitu í eigu Sveitarfélagsins Ölfuss. Stofngjald holræsa byggir á ákvæðum X. kafla vatnslaga nr. 15/1923.

Gjaldið skal álagt og innheimt við veitingu byggingarleyfis og vera sem hér segir:

I Tegund byggingar	Grunngjald, kr.	m <sup>3</sup> -gjald, kr.	Athugasemdir
A Íbúðarhúsnæði, verslun og þjónusta	30.000	102	m <sup>3</sup> -gjald af m <sup>3</sup> umfram 700 m <sup>3</sup>
B Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði	40.000	102	m <sup>3</sup> -gjald af m <sup>3</sup> umfram 1000 m <sup>3</sup>

19. gr.

Stofngjald fráveitu skal endurgreitt með sama hætti og gatnagerðargjald.

Endurgreiðslu tengigjalds fráveitu er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju, en þó ekki lengur en í 6 mánuði frá afturköllun eða niðurfellingu byggingarleyfis

### D. Um stofngjald vatnsveitu.

20. gr.

Stofngjald vatnsveitu skal innheimt af öllum fasteignum sem tengdar eru við vatnsveitu í eigu Sveitarfélagsins Ölfuss. Stofngjald vatnsveitu byggir á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991.

Gjaldið skal innheimt við veitingu byggingarleyfis og vera sem hér segir:

I Tegund byggingar	Grunngjald, kr.	m <sup>3</sup> -gjald, kr.	Athugasemdir
A Íbúðarhúsnæði, verslun og þjónusta	30.000	55	m <sup>3</sup> -gjald af m <sup>3</sup> umfram 700 m <sup>3</sup>
B Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði	40.000	55	m <sup>3</sup> -gjald af m <sup>3</sup> umfram 1000 m <sup>3</sup>

21. gr.

Stofngjald vatnsveitu skal endurgreitt með sama hætti og gatnagerðargjald. Endurgreiðslu tengigjalds vatnsveitu er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju, en þó ekki lengur en í 6 mánuði frá afturköllun eða niðurfellingu byggingarleyfis.

### E. Um byggingarleyfisgjöld.

22. gr.

Greiða skal byggingarleyfisgjald skv. V. kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 fyrir hverja framkvæmd sem byggingarleyfi er gefið út fyrir. Þó skal ekki innheimta byggingarleyfisgjald fyrir byggingar sem eru 12 m<sup>2</sup> eða minni, nema um viðbyggingar sé að ræða.

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er lögboðin meðferð byggingarleyfiserinda, lóðarblöð, yfirferð teikninga, útmæling fyrir húsi og hæðarkóta og reglubundið eftirlit.

Byggingarleyfisgjald samkvæmt eftirfarandi töflu eru innheimt við útgáfu byggingarleyfis.



Innifalið í byggingarleyfisgjöldum er ein yfirferð aðaluppdráttu, byggingarleyfi, útmæling fyrir greftri, útmæling og hæðarsetning fyrir uppslætti og útsetning lóðar, byggingareftirlit, lögbundnar úttektir, foheldi- og lokaúttektarvottorð. Hlutfall í þessari gjaldskrá, er hlutfallsprósenta af byggingarkostnaði pr. ferm. vísitöluhúss, eins og hún er hverju sinni gefin út af Hagstofu Íslands. Í apríl 2004 kr. 91.159,09 pr./m<sup>2</sup>.

<b>I. Íbúðarhúsnæði</b>		<b>Kr. pr./hús.</b>	<b>%</b>
1	Einbýlishús	66.136	72,55%
2	Parhús, tvíbýli, raðhús á einni hæð	55.953	61,38%
3	Raðhús á fleiri en einni hæð, fjölbýlishús með þremur íbúðum	45.780	50,22%
4	Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri	40.693	44,64%
5	Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærrí, með fjórum íbúðum og fleiri	34.595	37,95%

<b>II. Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum</b>		<b>Kr. pr./hús.</b>	<b>%</b>
1	Gólfflötur 12 m <sup>2</sup> til 500 m <sup>2</sup> , hver hæð í húsi	37.977	41,66%
2	Gólfflötur yfir 500 m <sup>2</sup> , hver hæð í húsi	61.040	66,96%
3	Skemmur	91.524	100,4%

<b>III. Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar</b>		<b>Kr.</b>
1	Sólstofur, garðhús, bílgeymslur fyrir mest tvo bíla, viðbyggingar allt að 20 m <sup>2</sup>	11.700
2	Viðbygging, bílgeymsla, 20-100 m <sup>2</sup>	16.682
3	Viðbygging stærri en 100 m <sup>2</sup> , sömu gjöld og af því húsnæði sem byggt er við	
4	Frístundahús að 60 m <sup>2</sup> , veiðihús og hliðstæð hús	16.682
5	Frístundahús yfir 60 m <sup>2</sup> , veiðihús og hliðstæð hús	20.348

<b>IV. Gripahús</b>		<b>Kr.</b>
1	Að 100 m <sup>2</sup>	16.682
2	100-200 m <sup>2</sup>	20.348
3	200-500 m <sup>2</sup>	45.783
4	500-800 m <sup>2</sup>	95.000
5	800-2000 m <sup>2</sup>	140.000
6	2000-4000 m <sup>2</sup>	185.000

<b>V. Óeinangraðar geymslur/hliður og áþekk hús</b>		<b>Kr.</b>
1	Að 100 m <sup>2</sup>	11.700
2	100-200 m <sup>2</sup>	16.682
3	200-500 m <sup>2</sup>	25.435
4	500-800 m <sup>2</sup>	45.783
5	800-2000 m <sup>2</sup>	110.000
6	2000-4000 m <sup>2</sup>	175.000
7	Smágeymslur/stækkanir undir 20 m <sup>2</sup>	7.122

<b>VI. Iðnaðarhúsnæði undir grófiðnað og orkuver (sem ekki heyra undir flokk II í lið E um byggingarleyfisgjöld)</b>		<b>Kr.</b>
1	Að 100 m <sup>2</sup>	20.000
2	100-200 m <sup>2</sup>	25.000
3	200-500 m <sup>2</sup>	50.000
4	500-800 m <sup>2</sup>	100.000
5	800-2000 m <sup>2</sup>	300.000
6	2000-4000 m <sup>2</sup>	600.000
7	4000-8000 m <sup>2</sup>	900.000
8	8000-12000 m <sup>2</sup>	1.200.000
9	12000 m <sup>2</sup> og yfir	1.500.000

<b>Byggingarleyfisgjald</b>	
Úttektir á eftirfarandi verkþáttum eru lögbundnar sbr. byggingarreglugerð nr. 441/1998	
1	Jarðvegsgrunni (botnúttekt), áður en byrjað er á mótauppslætti eða fyllingu í slíkan grunn.
2	Undirstöðuveggjum (sökkklum).
3	Lögnum í grunn, þ.m.t. rör fyrir rafmagnsheimtaug áður en hulið er yfir.
4	Raka- og vindvarnarlögum.
5	Grunni, áður en botnplata er steypt.
6	Járnalögnum.
7	Grind, bitum og þaki, áður en klætt er.
8	Frágangi á klæðningu þaka, bæði úr timbri og öðrum efnum, þ. á m. á neglingu þakjárns eða öðrum tilsvarendi frágangi.
9	Frágangi á ystu klæðningu veggja.
10	Hita- og hljóðeinangrun.
11	Neysluvatns-, hitavatns-, hita- og kælikerfum ásamt einangrun þeirra.
12	Frárennslis-, regnvatns-, og þerrikerfum.
13	Stokkalögnum og íhlutum þeirra fyrir loftræsi- og lofthitunarkerfi ásamt hita- og eldvarnareinangrun.
14	Tækjum og búnaði loftræsi- og lofthitunarkerfa.
15	Úttekt á verkþáttum varðandi eldvarnir.
16	Þáttum er varða aðgengi m.t.t. fatlaðra.
Skylt er byggingarstjóra að tilkynna til byggingarfulltrúa þegar bygging er fókheld.	

## F. Um afgreiðslu- og þjónustugjöld.

23. gr.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld, samanber byggingarreglugerð nr. 441/1998, vegna byggingarerinda eru sem hér segir:

<b>Tegund þjónustu</b>		<b>Gjald kr.</b>	<b>Athugasemdir</b>
1	Útgáfa stöðuleyfis, ásamt eftirliti og úttekt byggingarfulltrúa sem leiðir af veitingu stöðuleyfis fyrir hjólhýsi, gáma o.þ.h.	4.500	
2	Lóðarúthlutunargjald/staðfestingargjald	15.000	Óendurkræft, þótt lóðarúthlutun gangi til baka.
3	Fokheldisvottorð	6.000	
4	Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt, sbr. 55. gr.	10.000	
5	Lokaúttekt og vottorð sbr. 53. gr.	10.000	
6	Úttekt v/byggingarstjóra- og meistarskipta	4.500	
7	Fyrir hverja útsetningu lóðar	10.000	
8	Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun	4.000	
9	Vottorð vegna vínveitingaleyfa	10.000	
10	Endurskoðun aðaluppdráttá	6.000	
11	Gerð stofnskjal vegna lóða	3.000	Þinglýsingarkostnaður bætist við.
12	Aukaúttekt byggingarfulltrúa um byggingarstig eða stöðuúttekt	10.000	
13	Hnitasetning, mæling fyrir húsi á lóð, dreifbýli/þéttbýli	14.000	
14	Hver endurskoðun aðaluppdráttá	5.000	
15	Endurnýjun leyfis án breytinga	5.000	
16	Húsaleiguúttektir / niðurrif húsa	5.000	
17	Fyrir breytingar á lóðarsamningi	14.000	Þinglýsing innifalin
18	Grenndarkynning, minniháttar	7.500	
19	Grenndarkynning, umfangsmikil	15.000	
20	Viðurkenningar til handa iðnmeisturum/byggingastjórum	5.000	
21	Ljósritun A2, A3, A4, samkvæmt kostnaði		

## 24. gr.

Þeirri meginreglu skal fylgt að sæki aðili um lóð eða byggingarleyfi sem hefur í för með sér breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi, þá skuli hann leggja fram með umsókn sinni uppdrætti sem sýni glöggt hver breytingin er og að hvaða leyti hún samrýmist ekki gildandi skipulagi.

Verði fallist á umsókn um breytingu á skipulagi skal umsækjandi greiða þann kostnað sem hún hefur í för með sér þ.m.t. kostnað vegna uppdráttar og auglýsingar. Víkja má frá þessari reglu ef viðkomandi skipulag er til endurskoðunar eða þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað.

## 25. gr.

Öll einingarverð samkvæmt samþykkt þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún er í apríl 2004, 292,2 stig. Einingarverð samkvæmt 23. gr. samþykktarinnar skal taka breytingum 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu.

## 26. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ölfuss þann 27. maí 2004 og tekur gildi frá og með birtingu þessarar auglýsingar. Með samþykkt þessari falla úr gildi eldri samþykktir um sama efni.

*Ölfusi, 28. maí 2004.*

**Ólafur Áki Ragnarsson** bæjarstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Bjarglands, Kvíahts 1-7, Borgarbyggð.

Breyting felst í því að fjórar einbýlishúsalóðir nr. 1, 3, 5 og 7 við Kvíaht breytast í lóðir undir tvö parhús.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreindar breytingar á skipulaginu.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreindar breytingar á skipulaginu öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 4. júní 2004.*

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

**Sigurður Páll Harðarson.**

## SAMÞYKKT

### um gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, stofngjald vatnsveitu og byggingarleyfisgjald í Húnaþingi vestra.

#### 1. gr.

Af öllum lóðum, nýbyggingum og stækkunum eldri húsa í Húnaþingi vestra sem tengjast gatna- og veitukerfum sveitarfélagsins, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum, skulu lóðarhafar greiða til sveitarfélagsins eftirtalin gjöld samkvæmt samþykkt þessari:

- A. Gatnagerðargjald
- B. Stofngjald vatnsveitu
- C. Holræsagjald
- D. Byggingarleyfisgjald.

Byggingarleyfisgjald skal greiða af öllum byggingum í Húnaþingi vestra sem byggingarleyfi er gefið út fyrir.

Öll framangreind gjöld eru, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign og eru aðfararhæf.

#### 2. gr.

Gatnagerðargjaldi skv. 1. gr. skal varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu, svo sem til að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum, m.a. vegna götulýsingar og til að leggja bundið slitlag, gangstéttir, umferðareyjar og þess háttar þar sem gert er ráð fyrir því í skipulagi.

I hestúsa hverfum er gert ráð fyrir undirbyggingu gatna með tilheyrandi lögnum.

Tekjum sveitarfélagsins vegna stofngjalds vatnsveitu skv. 1. gr. skal varið til þess að standa straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu.

Tekjum sveitarfélagsins vegna stofngjalds holræsa skv. 1. gr. skal varið til lagningar og viðhalds holræsa (fráveitna).

Tekjur sveitarfélagsins vegna byggingarleyfisgjalds skv. 1. gr. skulu standa undir þeim kostnaði sem tilgreindur er í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

#### 3. gr.

Gatnagerðargjald er reiknað út frá eftirfarandi forsendum:

- 3.a: Einbýlishúsalóðir: kr. 1.300 pr. m<sup>2</sup> lóðar og kr. 1.400 pr. m<sup>2</sup> brúttógólfplatarmáls húss.
- 3.b: Parhúsa- og raðhúsalóðir: kr. 850 pr. m<sup>2</sup> lóðar og kr. 900 pr. m<sup>2</sup> brúttógólfplatarmáls húss.
- 3.c: Fjölbýlishúsalóðir: kr. 650 pr. m<sup>2</sup> lóðar og kr. 700 pr. m<sup>2</sup> brúttógólfplatarmáls húss.
- 3.d: Iðnaðarhúsalóðir: kr. 1.100 pr. m<sup>2</sup> lóðar.
- 3.e: Verslunar-, skrifstofu- og þjónustulóðir og aðrar, sem ekki eru sérstaklega taldar annars staðar: kr. 1.000 pr. m<sup>2</sup> lóðar og kr. 500 pr. m<sup>2</sup> brúttógólfplatarmáls húss.
- 3.f: Hestúsalóðir: kr. 200 pr. m<sup>2</sup> lóðar.
- 3.g: Smábýlalóðir: kr. 100 pr. m<sup>2</sup> lóðar, kr. 1.400 pr. m<sup>2</sup> brúttógólfplatarmáls íbúðarhúsa og kr. 500 pr. m<sup>2</sup> brúttógólfplatarmáls af öðrum byggingum.

Liggi ekki fyrir teikningar að byggingu þegar sótt er um lóð samkvæmt 3.a, 3.b, 3.c, 3.e eða 3.g hér að framan, skal reikna út gatnagerðargjald samkvæmt hámarks nýtingarhlutfalli lóðar skv. viðkomandi deiliskipulagsskilmálum. Þegar byggingarleyfi er gefið út skal útreikningur leiðréttur í samræmi við endanlegt brúttógólfplatarmál bygginga.

Þegar gefin eru út byggingarleyfi vegna viðbygginga eða breytinga á mannvirkjum á byggingarlóðum, skal umsækjandi greiða gatnagerðargjald samkvæmt 3. gr. samþykktar

þessarar, eftir því sem við á, en þó einungis á grundvelli gólfflatarmálshluta gatnagerðargjaldsins.

## 4. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds eru eftirfarandi:

1. Við útgáfu byggingarleyfis 40%.
2. Við útgáfu fokheldisvottorðs 40%.
3. Innan eins árs frá útgáfu fokheldisvottorðs 20%.

Fyrstu greiðslu gatnagerðargjalda skv. tl. 1. hér að framan, skal inna af hendi innan fjögurra vikna frá dagsetningu útgáfu byggingarleyfis og öðlast byggingarleyfi ekki gildi fyrir en á greiðsludegi.

Sveitarstjórn getur frestað innheimtu 3. greiðslu gatnagerðargjalds um eitt ár í senn, ef sýnt þykir að frágangi götu við viðkomandi byggingu verði ekki lokið innan eins árs frá því að hús er fokhelt.

Heimilt er sveitarstjórn að fresta gjaldfellingu hluta gatnagerðargjalds af atvinnuhúsnæði í allt að fimm ár frá því að byggingarleyfi var veitt.

Gatnagerðargjald skv. 3. gr. lið 3.f verður ekki lagt á nema hafnar verði framkvæmdir skv. 2. mgr. 2. gr. samþykktar þessarar.

## 5. gr.

*Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja framkvæmd sem byggingarleyfi er gefið út fyrir. Þó skal ekki innheimta byggingarleyfisgjald fyrir byggingar sem eru 7 m<sup>2</sup> eða minni, nema um viðbyggingar sé að ræða.*

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er lögboðin meðferð byggingarleyfiserinda, lóðarblöð, yfirferð teikninga, útmæling fyrir húsi og hæðarkóta og reglubundið eftirlit.

Byggingarleyfisgjald samkvæmt eftirfarandi töflu er innheimt við útgáfu byggingarleyfis:

Tegund byggingar	m <sup>3</sup> -gjald	Athugasemdir
A Íbúðarhúsnæði og aðrar byggingar á íbúðarlóðum í þéttbýli	45	Gjald þó ekki lægra en kr. 45.000
B Íbúðarhúsnæði og aðrar byggingar á íbúðarlóðum utan þéttbýlis	45	Gjald þó ekki lægra en kr. 45.000
C Iðnaðarhúsnæði	45	Gjald þó ekki lægra en kr. 65.000 Þó að hámarki kr. 250.000
D Verslun, þjónusta o.þ.h.	45	Gjald þó ekki lægra en kr. 100.000 Þó að hámarki kr. 250.000
E Sérhæfðar byggingar fyrir opinberar stofnanir, félagsheimili, samkomuhús o.þ.h.	45	Gjald þó ekki lægra en kr. 100.000 Þó að hámarki kr. 250.000
F Frístundahús	45	Gjald þó ekki lægra en kr. 30.000

Tegund byggingar		m <sup>3</sup> -gjald	Athugasemdir
G	Aðrar byggingar á lögbýlum en tilgreindar eru í liðum A-F	45	Gjald þó ekki lægra en kr. 20.000 Þó að hámarki kr. 120.000
H	Aðrar byggingar á skipulögðum lóðum, en tilgreindar eru í liðum A-F	45	Gjald þó ekki lægra en kr. 50.000 Þó að hámarki kr. 120.000
I	Stækkun húsnæðis/viðbyggingar, o.þ.h. skv. ofangreindri flokkun A-H	45	Gjald þó ekki lægra en kr. 20.000
J	Niðurrif húsa	0	Fast gjald kr. 5.000
K	Endurnýjun eldra byggingarleyfis, óbreytt	0	Fast gjald kr. 5.000

Afgreiðslu- og þjónustugjöld vegna byggingarerinda eru sem hér segir:

Tegund þjónustu		Gjald, kr.	Athugasemdir
1	Útgáfa stöðuleyfis, ásamt eftirliti og úttekt byggingarfulltrúa sem leiðir af veitingu stöðuleyfis fyrir hjólhýsi, gáma o.þ.h. og aðrar afgreiðslur skipulags- og byggingarnefndar	4.500	
2	Lóðarúthlutunargjald	10.000	Óendurkræft, þó lóðarúthlutun gangi til baka
3	Fokheldisvottorð	6.000	
4	Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	20.000	
5	Lokavottorð	10.000	
6	Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun	4.500	
7	Önnur vottorð	10.000	
8	Endurskoðun aðaluppdráttar	6.000	
9	Gerð stofnskjals vegna lóða *	4.500	
10	Aukaúttekt byggingarfulltrúa	20.000	

\* Þinglýsingarkostnaður vegna lóðarleigusamninga og stofnskjala bætist við lið 9.

#### 6. gr.

Stofngjald fráveitu (holræsa) skal innheimta af öllum fasteignum sem tengdar eru við fráveitu í eigu Húnaþings vestra. Gjaldið skal álagt og innheimt við veitingu byggingarleyfis og vera sem hér segir:

Tegund byggingar		Grunngjald	m <sup>3</sup> -gjald	Athugasemdir
A	Íbúðarhúsnæði, verslun og þjónusta	30.000	20	m <sup>3</sup> -gjald af m <sup>3</sup> umfram 400
B	Iðnaðar-/atvinnuhúsnæði og annað húsnæði	40.000	20	m <sup>3</sup> -gjald af m <sup>3</sup> umfram 1.000
C	Smábýli v/Höfðabraut	50.000	20	m <sup>3</sup> -gjald af m <sup>3</sup> umfram 1.500

## 7. gr.

*Stofngjald vatnsveitu* skal innheimt af öllum fasteignum sem tengdar eru við vatnsveitu í eigu Húnaþings vestra: Gjaldið skal álagt og innheimt við veitingu byggingarleyfis og vera sem hér segir:

Tegund byggingar		Grunngjald	m <sup>3</sup> -gjald	Athugasemdir
A	Íbúðarhúsnæði, verslun og þjónusta	30.000	20	m <sup>3</sup> -gjald af m <sup>3</sup> umfram 400
B	Iðnaðar-/atvinnuhúsnæði og annað húsnæði	40.000	20	m <sup>3</sup> -gjald af m <sup>3</sup> umfram 1.000
C	Smábýli v/ Höfðabraut	50.000	20	m <sup>3</sup> -gjald af m <sup>3</sup> umfram 1.500

## 8. gr.

Einingarverð samkvæmt samþykkt þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún er í janúar 2004 (287,8 stig) og reiknast á hverjum tíma í samræmi við gildandi byggingarvísitölu.

Öll gjöld samkvæmt 1. gr. eru, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign og eru aðfararhæf samkvæmt 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989.

Sé úthlutaðri lóð skilað, lóðarúthlutun afturkölluð eða byggingarleyfi felld úr gildi, skal endurgreiða gatnagerðargjald samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga um gatnagerðargjald. nr. 17/1996. Gatnagerðargjald skal endurgreiða með verðbótum m.v. vísitölu byggingarkostnaðar, en vaxtalaust.

Stofngjöld vatnsveitu og fráveitu skulu endurgreidd með sama hætti og gatnagerðargjald.

Endurgreiðslu gatnagerðargjalds og tengigjalds vatnsveitu og fráveitu er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju, en þó ekki lengur en í 6 mánuði frá afturköllun eða niðurfellingu byggingarleyfis.

Kostnaður lóðarhafa vegna lóðar sem er skilað eða byggingarleyfi afturkallað vegna atriða er varða lóðarhafa, svo sem hönnunar- og rannsóknarkostnaður á lóðinni eða framkvæmdir unnar samkvæmt grafrarleyfi áður en byggingarleyfi er gefið út, er ekki endurgreiddur af sveitarfélaginu. Sé byggingarleyfi afturkallað vegna atriða er ekki varða lóðarhafa gilda ákvæði 5. mgr. 8. gr. samþykktar þessarar varðandi endurgreiðslu kostnaðar til lóðarhafa. Þó skal hönnunarkostnaður vegna byggingar og rannsóknarkostnaður á lóðinni ekki endurgreiddur.

Sé lóð afturkölluð eða byggingarleyfi felld úr gildi eftir að undirstöður eru fullgerðar, eða á síðari stigum byggingarframkvæmda, skal dómkveðja tvo matsmenn til að verðleggja þær framkvæmdir sem unnar hafa verið, enda hafi þær verið teknar út og viðurkenndar af byggingarfulltrúa. Kostnað vegna matsins greiða sveitarfélagið og lóðarhafi að jöfnu. Húnaþing vestra skal leysa til sín lóðina með mannvirkjum á grundvelli mats hinna dómkvöddu matsmanna að frádreginni hlutdeild lóðarhafa í kostnaði vegna matsgerðarinnar.

## 9. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að auglýsa lóðir með lægri gatnagerðargjöldum en 3. gr. mælir fyrir um, vegna sérstakra aðstæðna sem gera byggingarframkvæmdir óvenju erfiðar eða kostnaðarsamar.

## 10. gr.

Gatnagerðargjald byggir á lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

Stofngjald vatnsveitu byggir á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991.

Holræsagjald byggir á ákvæðum X. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

Byggingarleyfisgjald byggir á V. kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, sbr. 27. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998.

Samþykkt þessi tekur gildi við birtingu og fellur þá úr gildi gjaldskrá um gatnagerðargjald í Húnaþingi frá 12. nóvember 1998, sem sett var skv. 11. gr. reglugerðar nr. 543/1996 um gatnagerðargjald.

Við þær götur/lóðir í Húnaþingi vestra þar sem einungis hefur verið lagður á og innheimtur A-hluti gatnagerðargjalds fyrir gildistöku samþykktar þessarar, skal miða útreikning, svo og gjalddaga, við ákvæði þeirrar gjaldskrár sem í gildi var er þau gjöld voru álögð.

Samþykkt af sveitarstjórn Húnaþings vestra eftir 2 umræður 6. maí 2004.

*Hvammstanga, 7. júní 2004.*

F.h. sveitarstjórnar Húnaþings vestra,

**Skúli Þórðarson** sveitarstjóri.

## LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Reykjavíkurborg.

### I. KAFLI

#### Gildissvið.

## 1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Reykjavíkurborgar.

### II. KAFLI

#### Um reglu, velsæmi og almennt öryggi á almannafæri.

## 2. gr.

Með almannafæri er í samþykktinni átt við götur og svæði ætluð til almenningsnota. Ákvæðin um almannafæri gilda einnig eftir því sem við á um aðra staði, sem opnir eru almenningi, s.s. verslanir, veitingastaði, leiktækjastaði, kvikmyndahús, samkomuhús, biðskýli og söfn.

Með leiktækjastað er átt við stað þar sem aðgangur er veittur að leiktækjum, spíla-kössum, knattborðum, tölvum o.þ.h., gegn borgun.

## 3. gr.

Uppþot, áflog, óspektir eða önnur háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, má ekki eiga sér stað á almannafæri, og ekki mega menn þyrpast þar saman, ef það truflar umferð eða veldur vegfarendum öðrum óþægindum.

Enginn má sýna öðrum áreitni á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega háttsemi.



## 4. gr.

Bannað er að hafast nokkuð að, sem veldur ónæði eða raskar næturro manna.

Lögreglustjóri getur bannað notkun hátalara, hljómflytningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar á eða við almannafæri, ef ástæða er til að ætla að hún valdi ónæði eða truflun.

## 5. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri við biðstöðvar almenningssvagna, miðasölur, veitingastaði, verslanir og aðra afgreiðslustaði, skal fólk að jafnaði raða sér þannig að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrstir afgreiðslu.

## 6. gr.

Lögreglan getur vísað þeim mönnum í burtu af almannafæri, sem vegna ölvunar eða annarrar háttsemi sinnar valda vegfarendum eða íbúum í nágrenninu ónæði eða hættu.

Borgarstjórn er heimilt að banna neyslu áfengis á tilteknum tímum á tilteknum svæðum borgarinnar. Slíka samþykkt skal tilkynna lögreglustjóra og birta almenningi.

## 7. gr.

Meðferð vatns við hvers konar þrif utandyra er óheimil nema í frostlausu veðri, ef það veldur rennsli á gangstétt, gangstíg eða götu, þannig að hætta eða óþægindi stafi af.

Í holræsi má ekki veita mengandi efnum svo sem spilliefnum eða efnum sem valdið geta mengun eða skemmdum í holræsakerfinu.

Eiganda eða umráðamanni húss er skylt að fjarlægja af húsi sínu snjó og grýlukerti, sem fallið geta niður og valdið hættu fyrir vegfarendur.

## 8. gr.

Öllum ber að gæta þess að ganga vel um á almannafæri, valda þar ekki óþrifum og skemma þar ekki hluti, sem ætlaðir eru til almenningssnota eða þrýði. Þetta á einnig við þá hluta húsa og annarra mannvirkja, sem liggja að almannafæri.

Enginn má flegja rusli á almannafæri nema í þar til gerð ílát.

Á mannvirki og hluti má ekki mála, teikna eða festa auglýsingar, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Þá er óheimilt að koma fyrir auglýsingaskilti á almannafæri nema með leyfi borgaryfirvalda. Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum, og hreinsa vel staðinn, þar sem þær voru hafðar. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, skemma eða gera ólæsilegar á annan hátt.

Hvorki má troða niður né valda með öðrum hætti skemmdum á ræktuðum blettum, grasreitum, blómabeðum og limgerðum á almannafæri.

## 9. gr.

Leyfi garðyrkjustjóra þarf til, ef halda á samkomur á grænum svæðum borgarinnar.

Umferð báta um Tjörnina er bönnuð, nema með leyfi garðyrkjustjóra.

## 10. gr.

Borgarstjórn getur sett sérstakar reglur um umgengni í skemmtigörðum, kirkjugörðum, leikvöllum og öðrum slíkum svæðum, enda séu reglurnar festar upp við innganginn eða á öðrum áberandi stað.

## 11. gr.

Tilkynna skal lögreglustjóra um fyrirhugaðar hópögungur og útifundi í því skyni, að hann geti gert viðeigandi ráðstafanir varðandi stjórnun umferðar.

## 12. gr.

Ekki má á almannafæri ganga með logandi blys, kveikja í bálköstum né halda flugeld-  
asýningar nema með leyfi lögreglustjóra.

Óheimilt er að nota skotvopn í þéttbýli nema með leyfi lögreglustjóra.

## III. KAFLI

**Ýmis ákvæði sem varða öryggi og góða reglu.**

## 13. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að banna öllum óviðkomandi umferð út í skip sem liggja í höfninni.

## 14. gr.

Enginn má án leyfis húsráðanda láta fyrirberast á lóðum eða í húsi hans. Ekki má fara í híbýli manna í söluerindum, ef húsráðandi leggur við því bann.

Lögreglan getur bannað mönnum að hafast við á þessum stöðum, ef hún telur það geta valdið óþægindum eða hættu.

Eigi má láta fyrir berast í tjöldum á almannafæri utan sérstakra tjaldsvæða.

## 15. gr.

Enginn má fleygja rusli eða öðru þess háttar á lóð annars manns. Hver, sem það gerir, skal flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað.

## 16. gr.

Ef ís á sjó eða vötnum þykir ekki nógu traustur getur lögreglustjóri bannað alla umferð um hann.

## 17. gr.

Þegar hús er byggt, rífið, endurbyggt eða flutt, er eiganda eða verktaka skylt að forðast að valda farartálma, hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur og skal hann setja upp skilti til leiðbeiningar, eftir því sem við á, sbr. 6. mgr. 18. gr. Ef um farartálma verður að ræða skal gatnamálastjóra og lögreglustjóra tilkynnt þar um og farið að fyrirmælum þeirra um aðgerðir vegna þess.

Girðingar, sem hafa verið reistar vegna mannvirkjagerðar, skal fjarlægja, þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Þegar hús eða annað mannvirki brennur eða það er tekið burt, án þess að annað sé byggt í staðinn, er eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu án óparfa tafar, að ekki stafi af því hætta, óþrifnaður eða óprýði.

## IV. KAFLI

**Um ökutæki, umferð o.fl.**

## 18. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það sem hindrar umferð.

Ekki má gera skurð í gangstéttir, götur, torg eða önnur svæði, né raska þeim á annan hátt, þannig að truflað geti umferð, nema með leyfi gatnamálastjóra og tilkynningu til lögreglustjóra. Að verki loknu skal færa það í samt lag sem raskað var með fullnægjandi hætti að mati gatnamálastjóra.

Þegar gerður er skurður í gangstétt, skal sá, sem verkið vann, sjá um að gangandi vegfarendum sé séð fyrir göngubraut. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi verði. Þess skal ætíð gætt að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann með nægilega greinilegum ljósum þegar dimmt er.

Lögreglustjóri gerir þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa, til að afstýra hættu fyrir vegfarendur, í samvinnu við gatnamálastjóra. Getur hann bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti meðan á verki stendur eða skipað fyrir um hvernig umferðinni skuli hagað. Einnig getur hann ákveðið að skurðir í götur séu bygðir og uppgröftur fjarlægður þannig að umferð sé óhindruð um göturnar á þeim tíma, sem ekki er unnið, svo sem að næturlagi og um helgar. Þá getur lögreglustjóri, ef hann telur framkvæmdir dragast um of, látið setja í samt lag það sem raskað var, á kostnað þess sem verkið átti að vinna.

Sé nauðsynlegt að loka gangstétt vegna framkvæmda skal hjáleid tryggð og afgirt frá umferð ökutækja í miðborginni og annars staðar þar sem umferð er mikil.

Skilti til leiðbeiningar fyrir ökumenn vegna framkvæmda sem truflað geta umferð skulu sett upp að höfðu samráði við gatnamálastjóra.

#### 19. gr.

Bifreiðar sem eru meira en 5 tonn að leyfðri heildarþyngd mega ekki standa á götum eða almennum bifreiðastæðum borgarinnar á tímabilinu milli kl. 22.00 og 06.00. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar án tillits til þunga þeirra.

Borgarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði, þar sem undanþágan hefur verið veitt. Jafnframt getur gatnamálastjóri veitt tímabundna undanþágu, s.s. vegna verklegra framkvæmda.

Lögreglustjóri getur bannað stöðu eftirvagna og tengivagna, s.s. hestaflutningavagna, dráttarkerra og hjólhýsa, og þess háttar tækja á götum og almennum bifreiðastæðum, sem þykja valda ónæði, óþrifnaði eða hættu.

#### 20. gr.

Allur akstur torfærutækja s.s. torfæruhjóla og vélsleða er bannaður innan þéttbýlis og skilgreindra útivistarsvæða. Borgarráð getur þó heimilað undanþágu frá þessu ákvæði á afmörkuðum svæðum og skal sú ákvörðun tilkynnt lögreglustjóra.

#### 21. gr.

Þeir, sem flytja farm um götur borgarinnar, skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá farminum, að ekki valdi óþrifnaði. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannaferi við flutninginn, fermingu eða affermingu, er stjórnanda flutningstækis skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

### V. KAFLI

#### Um veitingastaði, skemmtanahald o.fl.

#### 22. gr.

Veitingastaði er heimilt að hafa opna allan sólarhringinn. Stafí íbúum í nágrenni veitingastaðar ónæði af rekstrinum getur borgarstjórn þó takmarkað opnunartíma hans.

Um veitingastaði, þar sem heimilaðar eru áfengisveitingar, gildir að þeim skal lokað þegar heimiluðum veitingatíma áfengis lýkur og má ekki opna þá að nýju að morgni dags fyrir en a.m.k. tveimur klukkustundum eftir að heimiluðum veitingatíma áfengis lýkur. Allir gestir skulu hafa yfirgefið veitingastaðinn eigi síðar en einni klukkustund eftir lokun hans.

Lögreglustjóri getur heimilað veitingastað að reka starfsemi sína utandyra á almannaferi með samþykki gatnamálastjóra, enda takmarki það ekki umferð um svæðið.

## 23. gr.

Hver sá, sem rekur veitinga- eða gististað, kvikmyndahús, leikhús eða annað samkomuhús, eða heldur almenna skemmtun eða sýningu, skal sjá um að allt fari þar vel fram og að starfsemin valdi ekki nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

Slík starfsemi skal háð sérstöku eftirliti lögreglu og er henni heimilt að fara um samkomusali og önnur húsakynni, sem gestir eiga aðgang að.

Þar sem heimilt er að sýna nektardans á næturklúbbi (nektardansstað), skal tryggt að sýning fari fram í rúmgóðu húsnæði og er sýnendum óheimilt að fara um meðal áhorfenda. Hvers konar einkasýningar eru óheimilar.

## 24. gr.

Nú telur lögregla reglu á skemmtun þannig að eigi sé fært að halda henni áfram og er henni þá heimilt að ákveða að skemmtun skuli slitið. Er gestum þá skylt að yfirgefa staðinn þar sem skemmtunin fer fram.

## 25. gr.

Enginn má reka leiktækjastað, þar sem börnum er heimilaður aðgangur án fylgdar forráðamanna, nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Áður en lögreglustjóri veitir leyfi aflar hann umsagna byggingarfulltrúa og Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar, sem metur hvort reksturinn uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til aðbúnaðar barna.

Leyfi skal ekki veitt til lengri tíma í senn en fjögurra ára. Það skal bundið við nafn leyfishafa og rekstur á tilteknum stað. Lögreglustjóri ákveður gjald fyrir leyfið.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi, getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

Börnum yngri en 14 ára er ekki heimill aðgangur að leiktækjastöðum, nema í fylgd með forráðamönnum. Miða skal aldur við fæðingarár en ekki fæðingardag.

Lögreglustjóri getur sett nánari reglur um eftirlit og umgengni á leiktækjastöðum að fengnum tillögum félagsmálaráðs.

## VI. KAFLI

**Um verslun á almannafæri.**

## 26. gr.

Opnunartími verslana og annarra þjónustufyrirtækja er frjálts að því marki sem heimilt er að lögum er gilda á hverjum tíma eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim. Borgarstjórn getur þó takmarkað opunar- eða þjónustutíma hjá einstökum aðilum ef starfsemin veldur nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

## 27. gr.

Enga atvinnu, sem tálmar umferð, má reka á almannafæri.

Borgarstjórn er heimilt að setja samþykktir um farandsölu og sölu á götum og torgum.

## VII. KAFLI

**Um dýrahald.**

## 28. gr.

Um dýrahald fer eftir sérstökum samþykktum, s.s. samþykkt um hundahald í Reykjavík, samþykkt um kattahald í Reykjavík og samþykkt um takmörkun búfjárhalds og bann við lausagöngu búfjár í Reykjavík.

## VIII. KAFLI

**Um gildi samþykktarinnar, refsingar, kostnað o.fl.**

## 29. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem honum er skylt að gera samkvæmt samþykktinni eða reglum settum samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það eða gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni.

Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot á samþykktinni, greiðist af þeim sem ábyrgð ber eða, ef hann er eigi fær um það, úr ríkissjóði.

## 30. gr.

Brot gegn samþykkt þessari eða reglum sem settar eru samkvæmt henni, varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Refsimál vegna slíkra brota skulu rekin að hætti opinberra mála.

## 31. gr.

Lögreglusamþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36/1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 625/1987, með áorðnum breytingum.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. júní 2004.*

**Björn Bjarnason.**

*Kristrún Kristinsdóttir.*

**SAMÞYKKT****um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Álftaness.**

## I. KAFLI

**Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.**

## 1. gr.

*Skipan bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn Álftaness er skipuð sjö fulltrúum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. gr. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

## 2. gr.

*Starfstímabil.*

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

## 3. gr.

*Valdsvið.*

Bæjarstjórn fer með stjórn Sveitarfélagsins Álftaness samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

## 4. gr.

*Verkefni bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum þess.

## 5. gr.

*Verkefni bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa bæjarfélagsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

## 6. gr.

*Verkefni bæjarstjórnar.*

Meðal verkefna bæjarstjórnar Álftaness er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. IV. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, að kjósa skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga bæjarfélagsins skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga og að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunar-fyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá bæjarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarfélagsins og ráða bæjarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu.

## II. KAFLI

**Um fjármálastjórn bæjarfélagsins.**

## 7. gr.

*Afgreiðsla fjárhagsáætlunar.*

Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs fyrir bæjarsjóð, fyrirtæki og stofnanir bæjarfélagsins að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok desember skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarfélagsins og skal þar greint milli rekstraráætlunar, framkvæmdaáætlunar, áætlunar um efnahag og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

Strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun samkvæmt þessari grein. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 9. gr.

## 8. gr.

*Fjárhagsáætlun.*

Fjárhagsáætlun skv. 7. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn bæjarfélags á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, sammingsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

## 9. gr.

*Endurskoðun fjárhagsáætlunar.*

Bæjarstjórn er heimilt að endurskoða fjárhagsáætlun og gera á henni nauðsynlegar breytingar ef í ljós koma breytingar á forsendum fjárhagsáætlunar. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn. Breytingartillögurnar skulu sendar öllum bæjarfulltrúum með fundarboði og dagskrá viðkomandi bæjarstjórnarfundar.

## 10. gr.

*Þriggja ára áætlun.*

Bæjarstjórn skal árlega semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir bæjarfélagsins. Áætlunina skal vinna og afgreiða af bæjarstjórn innan tveggja mánaða frá afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

## 11. gr.

*Afgreiðsla ársreikninga.*

Ársreikningur bæjarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórn skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana bæjarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

## III. KAFLI

**Um fundarsköp bæjarstjórnar.**

## 12. gr.

*Fundartími bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í mánuði, að jafnaði annan þriðjudag hvers mánaðar.

Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00 nema bæjarstjórn ákveði annað. Bæjarstjórn er heimilt að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi, að jafnaði í júlí og ágúst.

Aukafundi skal halda í bærarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bærarstjóra og forseta bærarstjórnar og skylt er að halda aukafund í bærarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bærarfulltrúa krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

## 13. gr.

*Fyrsti fundur nýkjörinnar bærarstjórnar.*

Sá kjörinn fulltrúi sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður bærarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bærarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr., þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag og stýrir fundi þar til forseti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt grein þessari. Viðkomandi getur falið bærarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar bærarstjórnar.

## 14. gr.

*Boðun bærarstjórnarfunda.*

Bærarstjóri, sbr. þó 13. gr., boðar bærarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi bærarstjórn ekki gert það.

Íbúum bærarfélagssins skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær bærarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar bærarfélagssins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils bærarstjórnar tekur bærarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum bærarfélagssins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

## 15. gr.

*Dagskrá bærarstjórnarfunda.*

Bærarstjóri semur dagskrá bærarstjórnarfundar í samráði við forseta bærarstjórnar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bærarstjórnarfunda skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar, svo sem kosningu forseta bærarstjórnar og varaforseta, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bærarstjórnar, kosningu eða ráðningu bærarstjóra og annarra fastra starfsmanna í helstu stöður hjá bærarfélaginu.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bærarfélagssins, að svo miklu leyti sem bærarstjórn þarf að samþykkja ályktanir sem í þeim felast, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bærarstjórnar og bærarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bærarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá bærarstjórnarfundar. Bærarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bærarstjórnarfundar skal tilkynna það bærarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. fjórum sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bærarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bærarstjóri telur nauðsynleg. Við útsendingu dagskrár skal fundargerð síðasta bærarstjórnarfundar vera komin á heimasíðu sveitarfélagssins. Einstakir hlutar fundargerðarinnar eru þó ekki til umræðu á fundinum nema fundurinn samþykki það sérstaklega.

Dagskrá bærarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum bærarfélagssins þegar hún hefur verið samin, svo sem á heimasíðu bærarfélagssins, skrifstofu bærarfélagssins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem bærarstjórnin ákveður.



## 16. gr.

*Boðun bæjarstjórnarfundar.*

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi þremur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa sent bæjarfulltrúum og varamönnum þeirra fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgi-gögnum.

## 17. gr.

*Boðun aukafunda.*

Bæjarstjóri skal senda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dag-skrá a.m.k. sólarhring fyrir fund. Heimilt er þó að boða aukafund með styttri fyrirvara er aðkallandi mál bíður afgreiðslu, enda sé hann boðaður (símleiðis) með dagskrá.

## 18. gr.

*Kosning forseta og varaforseta bæjarstjórnar.*

Sá bæjarfulltrúi sem boðar til fyrsta fundar skv. 13. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum þar til forseti hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal vera kjörinn til eins árs í senn. Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meiri hluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórninni skal hann víkja sæti og forseta-kjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helm-ing atkvæða. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaforseti skal kjörinn til jafnlangs tíma og forseti.

Tilkynna skal kjör forseta og varaforseta bæjarstjórnar til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé hvorki forseti né varaforseti bæjarstjórnar á fundi gegnir aldursforseti forsetastörfum nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti bæjarstjórnar deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

## 19. gr.

*Fundarstaður.*

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og bygg-ingarlaga og reglugerðar um aðgang fatlaðs fólks. Ef ákvæðum 1. másl. er ekki fullnægt skal bæjarstjórn sjá til þess að fatlað fólk fái nauðsynlega aðstoð æski það að hlýða á bæj-arstjórnarfundum.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórnin ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundum í bæjar-stjórn.

## 20. gr.

*Lögmæti bæjarstjórnarfundu.*

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er viðstaddur á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

## 21. gr.

*Fundarstjórn.*

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu rétt og skipulega færðar og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

## 22. gr.

*Afgreiðsla dagskrármála á fundi.*

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema forseti bæjarstjórnar ákveði annað. Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

## 23. gr.

*Afgreiðsla mála, tvær umræður.*

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæjarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynging til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

## 24. gr.

*Fundarsókn.*

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli því um stundarsakir og skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra, sbr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjóri skal sitja fundum bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveðji sér hljóðs á fundum bæjarstjórnar.

## 25. gr.

*Málfrelsi fundarmanna.*

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða

koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

## 26. gr.

*Takmarkanir á málfrelsi.*

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarra nefnda, ráða eða stjórna skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarskóp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

## 27. gr.

*Vítur á bæjarfulltrúa.*

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi sem vítur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

## 28. gr.

*Takmarkanir á ræðutíma.*

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

## 29. gr.

*Meðferð tillagna.*

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

## 30. gr.

*Afgreiðsla mála.*

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

## 31. gr.

*Atkvæðagreiðsla.*

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

## 32. gr.

*Úrslit atkvæðagreiðslu.*

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meiri hluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fram fara í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Honts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi tveggja eða fleiri sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar, sbr. 3. mgr. 18. gr.

Kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

## 33. gr.

*Fundarritun – fundargerð.*

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn, töluröð fundar og hverjir sitji hann. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða og dagsetningu fundargerða.

Heimilt er að skrá fundargerðir í tölvu. Sé það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af öllum viðstöddum bæjarfulltrúum. Einnig skal forseti bæjarstjórnar og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð.

Undirritaðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn í fundargerðabók bæjarstjórnar til varanlegrar varðveislu.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi, sbr. 3. mgr. 20. gr., skal skrá sem trúnaðarmál.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í bæjarstjórn.

Forseti skal hafa eftirlit með því að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Bæjarfulltrúi sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar, sendar út eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

#### IV. KAFLI

#### Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

34. gr.

##### *Dagskrá bæjarstjórnarfundar.*

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. fjórum sólarhringum fyrir fund, sbr. 3. tölul. 15. gr.

35. gr.

##### *Fundarseta.*

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli, sbr. 25. gr.

Öllum aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur þeim og varða verkefni bæjarstjórnar, svo sem forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

36. gr.

##### *Lausn úr bæjarstjórn.*

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi bæjarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarfulltrúi af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal bæjarstjórn þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

37. gr.

##### *Málfrelsi, tillöguréttur, atkvæðisréttur.*

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

## 38. gr.

*Hagsmunir bæjarfélagsins.*

Bæjarfulltrúa ber að gegna störfum sínum af alúð og samvirkusemi og gæta hagsmuna bæjarfélagsins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

## 39. gr.

*Aðgangur að upplýsingum.*

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum, skjölum og öðrum gögnum bæjarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum bæjarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

## 40. gr.

*Bókanir.*

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í bæjarstjórn.

## 41. gr.

*Þagnarskylda.*

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarfulltrúi lætur af þeim störfum.

## 42. gr.

*Vanhæfi bæjarfulltrúa.*

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt megi ætla að vilja-afstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Bæjarfulltrúar eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar sem jafnframt eru starfsmenn bæjarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um bæjarstjóra né þegar bæjarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga bæjarfélagsins.

Bæjarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli forseta bæjarstjórnar á því. Honum er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr hvort málið er svo vaxið að einhver bæjarfulltrúa er vanhæfur. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

## 43. gr.

*Þóknun.*

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn.

Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarfélagsins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

44. gr.

*Orlof og fundartími.*

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega, sbr. 12. gr.

45. gr.

*Fjarvera vegna veikinda – varamenn.*

Geti bæjarfulltrúi ekki sótt bæjarstjórnarfund/-fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður hans sæti meðan þannig hagar til skv. 25. gr.

46. gr.

*Varamenn.*

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem sitja bæjarstjórnarfundi.

## V. KAFLI

### **Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.**

47. gr.

*Kosning í bæjarráð og nefndir.*

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá.

48. gr.

*Kosning í bæjarráð.*

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð og aðal- og varafulltrúar í bæjarstjórn eru kjörgengir sem varamenn í bæjarráð, sbr. 61. gr.

Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann aðeins ef hann er bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Auk þeirra fulltrúa sem ná kjöri eiga þeir listar sem ekki fá kjörinn fulltrúa í bæjarráð rétt á að tilnefna fulltrúa til setu á fundi bæjarráðs og skal hann hafa málfrelsi og tillögurétt.

49. gr.

*Fundartími bæjarráðs.*

Bæjarráð skal að jafnaði halda fundi einu sinni í hverjum mánuði en tvisvar þá mánuði sem bæjarstjórn er í sumarleyfi, sbr. 12. gr. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsfulltrúar óska þess.

Bæjarráð ákveður í samráði við bæjarstjóra hvar og hvenær fundir bæjarráðs skulu haldnir.

50. gr.

*Undirbúningur og boðun bæjarráðsfunda.*

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund. Aukafundi er heimilt að boða með styttri fyrirvara. Geti bæjarráðsfulltrúi ekki sótt fund skal hann boða varamann sinn eða hlutast til um að varamaður sé boðaður.

## 51. gr.

*Kosning formanns og varaformanns bæjarráðs.*

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á þeim. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðsins. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsfulltrúi óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þá skal skrá í fundargerð mál sem bæjarráðið tekur til umræðu og afgreiðslu. Skrá skal frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Fundarsköp bæjarráðs og ritun fundargerða lúta sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því sem við á.

## 52. gr.

*Fjármálastjórn og fullnaðarafgreiðsla mála.*

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarfélagsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki falin öðrum. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og fyrirtækja hans að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja bæjarfélagsins séu lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarfélagsins eða stofnana þess, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsfulltrúa eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

## 53. gr.

*Starfsmenn á fundi bæjarráðs.*

Starfsmönnum bæjarfélagsins er skylt að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

## 54. gr.

*Boðun fyrsta fundar nefnda og ráða.*

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða bæjarstjórnin kveði á um annað.

Bæjarstjóri boðar til fyrsta fundar bæjarráðs og nefnda eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af bæjarstjórn.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

## 55. gr.

*Fundarseta.*

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bæjarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.



Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 56. gr.

*Lokaðir fundir.*

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarfélagsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

## 57. gr.

*Fundarstjórn.*

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarfélagsins eftir því sem við á.

## 58. gr.

*Hlutverk og valdsvið nefnda.*

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema í þeim tilfellum sem lög kveða á um annað.

## 59. gr.

*Skráning fundargerða.*

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarfélagsins skulu halda gerðabækur. Ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók eða í tölvu. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur. Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

## 60. gr.

*Afgreiðsla fundargerða nefnda, ráða og stjórna.*

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarfélagsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundum. Ef fundargerðir innihalda ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar skulu þær ályktanir eða tillögur lagðar fyrir bæjarráð og/eða bæjarstjórn sem sérstakt erindi. Að öðru leyti eru fundargerðirnar lagðar fram.

Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð sérstaklega fyrir bæjarráð og/eða bæjarstjórnina til endanlegrar afgreiðslu.

## 61. gr.

*Nefndir, ráð, stjórnir, tilnefningar og kosningar.*

Bæjarstjórn kys í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

- A. **Bæjarráð.** Bæjarstjórn kys að afloknum bæjarstjórnarkosningum þrjá aðalfulltrúa bæjarstjórnar í bæjarráð til eins árs og þrjá aðal- eða varafulltrúa í bæjarstjórn til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Eingöngu bæjarfulltrúar eru kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð. Bæjarráð er kosið árlega. Kjósa skal í bæjarráð á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan árlega í júnímánuði. Auk þeirra fulltrúa sem ná kjöri á hver

listi sem ekki fær kjörinn fulltrúa í bæjarráð rétt á að tilnefna fulltrúa til setu á fundi bæjarráðs og skal hann hafa málfrelsi og tillögurétt. Auk framangreindra verkefna bæjarráðs fer ráðið með verkefni kjaranefndar og starfskjaranefndar.

B. **Nefndir.** Hér er um að ræða fagnefndir sem sinna faglegu starfi þeirra málaflokka sem þeim hafa verið falin af bæjarstjórn með erindisbréfum.

1. *Atvinnu-, ferða- og menningarmálanefnd.* Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í atvinnu-, ferða- og menningarmálanefnd. Nefndin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Auk þess að vera bæjarstjórn til ráðgjafar í atvinnu-, ferða- og menningarmálum hefur nefndin með höndum málefni bókasafns Álftaness samkvæmt ákvæðum laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997. Auk þess getur bæjarstjórn falið nefndinni önnur verkefni með erindisbréfi.
2. *Byggingarnefnd.* Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í byggingarnefnd samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Byggingarnefnd er kosin á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Auk verkefna sem byggingarnefnd hefur með höndum samkvæmt lögum annast hún ferlimál fatlaðra, en einnig getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfi.
3. *Félagsmálanefnd.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í félagsmálanefnd samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og barnaverndarlögum nr. 80/2002. Félagsmálanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Félagsmálanefnd fer með verkefni jafnréttisnefndar, húsnæðisnefndar, öldrunarnefndar og barnaverndarnefndar, hefur umsjón með daggæslu í heimahúsum, hefur umsjón með framkvæmd barnaverndarlaga nr. 80/2002, laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Auk verkefna sem félagsmálanefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfi. Nefndin skal tilnefna fulltrúa í stjórn hjúkrunarheimilisins Holtsbúðar. Nefndin tilnefnir fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra í bæjarfélaginu. Tilnefningar nefndarinnar öðlast gildi við samþykkt bæjarstjórnar.
4. *Íþrótt- og tómstundanefnd.* Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í íþrótt- og tómstundanefnd samkvæmt heimild í sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 og lögum um æskulýðsmál nr. 24/1970. Íþrótt- og tómstundanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Auk verkefna sem íþrótt- og tómstundanefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfi.
5. *Kjörstjórn til sveitarstjórnar- og alþingiskosninga.* Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í kjörstjórn til sveitarstjórnarkosninga og alþingiskosninga. Á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar er kjörstjórn kosin og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Kjörstjórn fer með þau verkefni sem henni eru falin samkvæmt ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
6. *Skipulagsnefnd.* Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í skipulagsnefnd samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Nefndin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Auk verkefna sem skipulagsnefnd hefur með höndum samkvæmt lögum er nefndin bæjarstjórn til ráðuneytis í umferðarmálum og skal gera tillögur um bætтар samgöngur innan bæjarins og aukið öryggi fyrir vegfarendur. Að auki getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfi.

7. *Skólanefnd*. Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í skólanefnd. Skólanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Skólanefnd fer með málefni grunnskóla samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 66/1995, málefni skólabókasafns og málefni leikskóla samkvæmt lögum um leikskóla nr. 78/1994. Auk verkefna sem skólanefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfi.
  8. *Tónlistarskólanefnd*. Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í tónlistarskólanefnd. Tónlistarskólanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Tónlistarskólanefnd fer með málefni tónlistarskóla samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985. Auk verkefna sem tónlistarskólanefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfi.
  9. *Umhverfisnefnd*. Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í umhverfisnefnd. Umhverfisnefnd sinnir lögbundnum verkefnum gróðurverndarnefndar og náttúruverndarnefndar. Umhverfisnefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Auk verkefna sem umhverfisnefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfi. Nefndin skal tilnefna einn aðalfulltrúa og annan til vara í sameiginlega heilbrigðisnefnd Kópavogsbæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Garðabæjar og Sveitarfélagsins Álftaness. Tilnefningar þessar öðlast gildi við samþykkt bæjarstjórnar.
- C. **Stjórnir og samstarfsráð**. Hér er um að ræða stjórnir stofnana með sjálfstæðan fjárhag og tilnefningar í samstarfsráð sem hafa endanlegt ákvörðunarvald í málefnum sínum, þ.e. þurfa ekki staðfestingu bæjarstjórnar til að koma málum í framkvæmd innan ákveðins fjárhagslegs ramma. Kjörtímabil þeirra er samkvæmt samþykktum um stjórn viðkomandi stofnunar.
1. *Almannavarnanefnd*. Bæjarstjórn kýs tvo fulltrúa og tvo til vara í sameiginlega almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins samkvæmt lögum um almannavarnir nr. 94/1962. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
  2. *Stjórn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins*. Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa og annan til vara í Bláfjallanefnd samkvæmt ákvæðum samstarfssamnings. Fulltrúi bæjarfélagsins er kosinn á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hans hið sama og bæjarstjórnar.
  3. *Fjallskila- og afréttarnefnd*. Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa og annan til vara í sameiginlega fjallskila- og afréttarnefnd Sveitarfélagsins Álftaness, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar. Fulltrúi bæjarfélagsins er kosinn á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hans hið sama og bæjarstjórnar.
  4. *Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Kópavogsbæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar og Sveitarfélagsins Álftaness*. Bæjarstjórn kýs einn áheyrnarfulltrúa og annan til vara í fimm manna heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Kópavogsbæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar og Álftaness samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Fulltrúi bæjarfélagsins er kosinn með tilliti til tilnefningar umhverfisnefndar á öðrum eða þriðja fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hans hið sama og bæjarstjórnar.
  5. *Stjórn Strætó bs*. Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa og annan til vara í stjórn Strætó bs. samkvæmt samningum þar um og er kjörtímabil hans hið sama og bæjarstjórnar.

6. *Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.* Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa og annan til vara í stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. samkvæmt samningum þar um og er kjörtímabil hans hið sama og bæjarstjórnar.
  7. *Stjórn Sorpu bs.* Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa og annan til vara í stjórn Sorpu bs. samkvæmt samningum þar um og er kjörtímabil hans hið sama og bæjarstjórnar.
  8. *Stjórn SSH.* Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa og annan til vara til setu í stjórn SSH, sbr. samþykktir sem um SSH gilda hverju sinni.
- D. **Tilnefningar og kosningar.** Kosnir fulltrúar á ársþing og ársfundi stofnana sem bæjarfélagið á aðild að. Kosning skal fara fram á fyrsta og öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert vegna þeirra tilnefninga sem gilda í eitt ár.
- E. **Lögbundin kosning embættismanna.** Samkvæmt lögum ber bæjarstjórn að kjósa eftirtalda embættismenn.
1. *Búfjárefartilitsmaður.* Sameiginlegur búfjárefartilitsmaður Garðabæjar, Kópavogsbæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar og Sveitarfélagsins Álftaness starfar á vegum heilbrigðiseftirlits.
  2. *Skoðunarmenn bæjarsjóðsreikninga.* Bæjarstjórn kýs tvo skoðunarmenn og jafnarga til vara samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998. Skoðunarmenn bæjarsjóðsreikninga eru kosnir á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar til loka kjörtímabils bæjarstjórnar.
- F. **Verkefnabundnar nefndir.** Bæjarstjórn getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er. Bæjarstjórn útbýr erindisbréf fyrir nefndina þar sem hlutverk og staða þeirra er skilgreint.

## VI. KAFLI

### Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarfélagsins.

62. gr.

#### *Ráðning bæjarstjóra.*

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra bæjarfélagsins. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

63. gr.

#### *Hlutverk bæjarstjóra.*

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarfélagsins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til fundar, sbr. 14. gr. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar/bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn/bæjarráð. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarfélagsins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og málefna bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til. Bæjarstjóra er heimilt með samþykki bæjarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni bæjarfélagsins prókúru.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarfélagsins.

Bæjarstjórn ákveður hver skuli gegna störfum bæjarstjóra í forföllum hans.

## 64. gr.

*Ráðning starfsmanna.*

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda bæjarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum nema vald til slíks sé með lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Forstöðumenn ráða starfsmenn sína, bæði fasta og lausráðna, og veita þeim lausn frá störfum í samráði við bæjarstjóra nema vald til slíks sé með lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

## 65. gr.

*Fastráðnir starfsmenn.*

Fastar stöður skulu að jafnaði auglýstar til umsóknar. Bæjarráð getur ákveðið hvaða almennu skilyrði skulu gilda um ráðningar í stöður hjá bæjarfélaginu.

## 66. gr.

*Um lausráðna starfsmenn.*

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna hjá bæjarfélaginu eða fyrirtækjum og/eða stofnunum þess fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um starfskjör þeirra fer eftir kjarasamningum hverju sinni og/eða ákvæðum viðkomandi ráðningarsamnings.

## 67. gr.

*Um kjör starfsmanna bæjarfélagsins.*

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna bæjarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamnings.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Álftaness hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Bessastaðahrepps og fundarsköp hreppsnefndar nr. 382/1999.

*Félagsmálaráðuneytinu, 4. júní 2004.*

F. h. r.

**Guðjón Bragason.**

---

*G. Dýrleif Kristjánsdóttir.*

# GJALDSKRÁ

## um gatnagerðargjöld í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

### 1. gr.

#### *Almenn heimild.*

- 1.1 Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, sem eru á eignar- eða leigulóð í Hvalfjarðarstrandarhreppi, skal greiða gatnagerðargjald til sveitarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. heimild í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.
- 1.2 Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu, svo sem til að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum, m.a. vegna götulýsingar og til að leggja bundið slitlag, gangstéttir, ganga frá umferðareyjum svo og til annarra slíkra framkvæmda sem gert er ráð fyrir í skipulagi.
- 1.3 Gatnagerðargjald skal ekki leggja á byggingar sem reistar eru utan þéttbýlissvæða, þ.e. á byggingar utan skipulagðra þéttbýlissvæða og þar sem gatnakerfi sveitarfélagsins nær ekki til.

### 2. gr.

#### *Gatnagerðargjald.*

- 2.1 Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar á rúmmetra, í vísitöluhúsi fjölbýlis, eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987.
- 2.2 Hundraðshluti byggingarkostnaðar ákvarðast eftir hústegund svo sem hér segir:
 

a) Einbýlishús	4,00%
b) Par-, rað-, og fjöleignarhús (1 – 5 íbúðir)	3,00%
c) Fjöleignarhús (6 íbúðir eða fleiri)	2,50%
d) Annað húsnæði (bílgeymslu-, verslunar-, iðnaðar- og gripahús)	2,75%
- 2.3 Rúmmál byggingar skal reikna samkvæmt IST-50 og miða við brúttóstærðir samkvæmt samþykktum teikningum, þ.m.t. bílgeymslur og önnur útihús.
- 2.4 Af endurbyggingu þaka íbúðarhúsa, án aukningar á nýtingu skal ekki greiða gatnagerðargjald.
- 2.5 Af gluggalausum kjallararými íbúðarhúsa sem myndast þegar hagkvæmara er að grafa út grunn en fylla hann upp skal greiða 25% af venjulegu rúmmetragjaldi, enda sé aðeins gengt í það rými innan frá.
- 2.6 Í iðnaðarhúsnæði sem vegna starfsemi sinnar þarf meira en 4,0 metra lofthæð, skal hámarkslofthæð að jafnaði reiknast 4,0 metrar við útreikning rúmmetragjalds.

### 3. gr.

#### *Áætlun gatnagerðargjalds.*

- 3.1 Nú er ekki fyrirliggjandi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við eftirfarandi lágmarksstærðir fyrir hverja íbúð í húsi:
 

a) Einbýlishús	500 m <sup>3</sup>
b) Par-, rað- og fjöleignarhús (mest 4 íbúðir), hver íbúð	400 m <sup>3</sup>
c) Fjöleignarhús (5 íbúðir eða fleiri), hver íbúð	300 m <sup>3</sup>
- 3.2 Í öllu öðru húsnæði skal við útreikning gatnagerðargjalds miða við lofthæð 4,0 metra nema uppdráttur sýni annað. Áætla skal nýtingarhlutfall lóðar 0,3 – 0,5 eftir nánari ákvörðun skipulags- og byggingarnefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi.

- 3.3 Framangreindar reglur 1. og 2. mgr. gilda ef hús er stækkað, að því er til stækkunarinnar tekur.
- 3.4 Endanlegt gatnagerðargjald skal reikna skv. 2. gr. þegar samþykktur uppdráttur liggur fyrir og það greitt við veitingu byggingarleyfis.

#### 4. gr.

##### *Um lækkun gatnagerðargjalda og frestun innheimtu.*

- 4.1 Sveitarstjórn getur ákveðið lægra gatnagerðargjald en skv. 2. eða 3. gr. þegar byggingar eru mjög sérhæfðar og/eða afbrigðilegar um notkun eða aðrar sérstaklega tilgreindar ástæður liggja fyrir.
- 4.2 Sveitarstjórn er heimilt að fresta innheimtu gatnagerðargjalds af tekjulágum eigendum fasteigna, sem náð hafa 67 ára aldri og þeim sem eiga við langvarandi veikindi eða örorku að stríða.
- 4.3 Verði eigendaskipti að húseign þar sem frestað hefur verið innheimtu á gatnagerðargjaldi, skal sveitarstjórn heimilt að leggja á gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram með áorðnum breytingum á byggingarvísitölu, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi eign.

#### 5. gr.

##### *Álagning gatnagerðargjalds m.a. ef hús er rífið eða það brennur.*

- 5.1 Þegar hús er rífið eða fjarlægt af lóð og nýtt byggt í þess stað, er heimilt að innheimta gatnagerðargjald sem stækkuninni nemur skv. 2. gr. Sama gildir ef hús brennur eða eyðileggst af öðrum orsökum og byggt er nýtt hús á lóðinni.

#### 6. gr.

##### *Greiðsla gatnagerðargjalds.*

- 6.1 Greiða skal 50% gatnagerðargjalds innan eins mánaðar frá lóðarveitingu og eftirstöðvar við veitingu byggingarleyfis.
- 6.2 Sveitarstjórn getur veitt sérstakan greiðslufrest á gatnagerðargjaldi þegar byggt er atvinnuhúsnæði eða húsnæði til endursölu. Skal þá greitt samkvæmt greiðslusamningi sem kveði á um skilmála og greiðslukjör.

#### 7. gr.

##### *Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.*

- 7.1 Gatnagerðargjald skal endurgreitt í eftirtöldum tilvikum:
  - a) Ef lóðarhafi skilar lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð.
  - b) Ef gatnagerðargjaldið hefur verið greitt í tengslum við útgáfu byggingarleyfis en leyfið fellur úr gildi.
- 7.2 Endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. a-lið 1. mgr. er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju, þó ekki lengur en í 6 mánuði. Frestur til endurgreiðslu er í öðrum tilvikum einn mánuður frá því að lóðarhafi krefst endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. b-lið 1. mgr.
- 7.3 Gatnagerðargjald skal endurgreitt með verðbótum miðað við vísitölu byggingarkostnaðar frá því að lóðarhafi greiddi gatnagerðargjaldið til endurgreiðsludags.

#### 8. gr.

##### *Heimild til afturköllunar lóðarúthlutunar.*

- 8.1 Nú greiðir lóðarhafi ekki gatnagerðargjald á tilskildum tíma og er sveitarstjórn þá heimilt að afturkalla lóðarúthlutun.

- 8.2 Ennfremur er sveitarstjórn heimilt að afturkalla lóðarúthlutun hafi lóðarhafi ekki hafið framkvæmdir innan eins árs frá því að lóð var úthlutað.

9. gr.

*Ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds. Lögveðréttur.*

- 9.1 Lóðarhafi ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.  
 9.2 Gatnagerðargjald, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, er tryggt með lögveðrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samnings- eða aðfararveði.  
 9.3 Lögveðrétturinn helst þótt samið hafi verið um greiðslufrest skv. 2. mgr. 6. gr.

10. gr.

*Um eldri samninga og gatnagerðargjöld, álögð fyrir 1. janúar 1997.*

- 10.1 Samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld og álögð gatnagerðargjöld fyrir 1. janúar 1997, skulu halda gildi sínu og innheimtast skv. heimild til bráðabirgða í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996, sbr. 15. gr. reglugerðar um gatnagerðargjald nr. 543/1996.  
 10.2 Gjaldskrá þessi tekur þegar gildi.

Þannig samþykkt við síðari umræðu í sveitarstjórn hinn 18. maí 2004.

*Hvalfjarðarstrandarhreppi, 19. maí 2004.*

**Hallfreður Vilhjálmsson** oddviti.

## REGLUGERÐ

**um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.**

### I. KAFLI

#### Tilgangur og gildissvið.

##### 1. gr.

Tilgangur reglugerðar þessarar er að hindra að sjúkdómar berist til landsins með innfluttum sláturafurðum, eggjum, mjólkurafurðum og öðrum vörum sem reglugerðin tekur til. Jafnframt að koma í veg fyrir að fluttar verði til landsins hráar afurðir dýra sem fengið hafa vaxtaraukandi efni á eldisskeiðinu.

##### 2. gr.

Reglugerðin gildir um innflutning á hvers konar afurðum dýra og öðrum vörum, sem smitefni geta borist með er valda sjúkdómum í dýrum og mönnum.

### II. KAFLI

#### Varnir gegn dýrasjúkdómum.

##### 3. gr.

Eftirtaldar afurðir dýra og vörur sem geta borið með sér smitefni er valda sjúkdómum í dýrum og mönnum er óheimilt að flytja til landsins samanber þó nánari útlístan í IV. kafla:

a. Hrátt kjöt, unnið sem óunnið, svo og innmat og sláturúrgang.



- b. Dýrafóður sem inniheldur:
1. Sjálf dauð dýr, þ. á m. dauðfædd og ófædd dýr (dýrafóstur).
  2. Dýr sem slátrað hefur verið vegna útrýmingar dýrasjúkdóma.
  3. Dýraúrgang þ. á m. blóð úr dýrum sem við kjötskoðun eru dæmd óhæf vegna smitsjúkdóma.
  4. Þá hluta dýra sem slátrað er með eðlilegum hætti, en koma ekki til kjötskoðunar. Þetta gildir þó ekki um húðir, skinn, blóð og svipaðar afurðir.
  5. Kjöt, alifuglakjöt, fisk, villibráð og matvæli gerð úr dýraafurðum sem hafa orðið fyrir skemmdum.
  6. Dýr, ferskt kjöt og alifuglakjöt, fisk, villibráð, kjöt- og mjólkurafurðir sem almennt myndu ekki standast kröfur dýralæknayfirvalda til innflutnings.
  7. Dýraafurðir og dýraúrgang sem inniheldur leifar af aðskotaefnum sem eru hættuleg mönnum og dýrum.
  8. Fisk eða fiskúrgang sem dæmdur hefur verið óhæfur til manneldis vegna smitsjúkdóma.
  9. Afurðir úr áhættusömum dýravefjum, svo sem mænum, heilum, hausum og milti úr nautgripum og sauðfé.
  10. Afurðir sem mengast hafa eftir hitameðferð.
- c. Kjötmjöl, beinamjöl og fóðurvörur unnar úr afurðum eða úrgangi spendýra og fugla.
- d. Ull, notaða poka eða aðrar umbúðir, fiður, fjaðrir, dún, stráteppi, strákörfur, og óunnið dýrahár. Undanþegin eru sóttþreinsuð hrá skinn, húðir, veiðiminjar og dauð dýr/fuglar sem ætlunin er að stoppa upp enda fylgi vottorð um fullnægjandi sóttþreinsun að mati yfirdýralæknis.
- e. Ómeðhöndluð egg, eggjaskurn og eggjaafurðir.
- f. Ógerilsneydda mjólk og mjólkurafurðir unnar úr ógerilsneyddri mjólk.
- g. Hey, hálm, alidýraáburð, gróðurmold, mó og rotmassa, blandað alidýraáburði.
- h. Blóð, sermi og aðrar lífrænar vörur úr dýraríkinu, þ.m.t. sýklar, veirur, blóð-, blóðvatns-, frumu-, vefja- og dýraeggjahvítusýni.
- i. Notuð reiðtygi og ósótthreinsuð reiðföt, óhreinan fatnað og tuskur svo og búnað sem notaður hefur verið til geymslu og flutninga á dýrum og dýraafurðum.
- j. Notaðar landbúnaðarvélar og áhöld, þar með taldar hestakerrur og önnur tæki sem notuð hafa verið í landbúnaði.
- k. Notaðan veiðibúnað til stangveiði, nema að undangenginni sóttþreinsun.

### III. KAFLI

#### Matvæli og gæludýrafóður.

##### 4. gr.

##### *Soðin eða unnin matvæli.*

Innfluttum matvælum sem flokkast í vöruliði 0210, 0401-0408, 1601 og 1602, og eftirfarandi tollaflokka sem innihalda kjöt 1901-2023, 1901-2043, 1902-2021, 1902-2022, 1902-2029, 1902-2041, 1902-2042, 1902-2049, 1902-3021, 1902-3029, 1902-3041, 1902-3049, 1902-4021, 1902-4029, 1904-3001, 1904-9001, 1905-9051, 2004-9006, 2005-9001, 2103-9051, 2103-9052, 2103-9059, 2106-9064, í tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987, sem hlotið hafa fullnægjandi hitameðferð, skulu fylgja þau vottorð sem hér greinir eftir því sem við á:

- a. Opinbert uppruna- og heilbrigðisvottorð.
- b. Soðnum sláturafurðum og matvælum, sem ekki eru niðursoðin, fylgi opinbert vottorð, sem staðfestir að varan hafi hlotið hitameðferð, þannig að kjarnhiti hafi náð

- 72°C í 15 sekúndur, sé það ekki staðfest í uppruna- eða heilbrigðisvottorði, sbr. a-lið, eða hafi hlotið sambærilega meðferð að mati yfirdýralæknis.
- Mjólk og mjólkurafurðum fylgi opinbert vottorð sem staðfestir að varan sé gerilsneydd eða unnin úr gerilsneyddri mjólk, sé það ekki staðfest í uppruna- og heilbrigðisvottorði, sbr. a-lið, eða hafi hlotið sambærilega meðferð að mati yfirdýralæknis.
  - Eggjum og eggjaafurðum fylgi opinbert vottorð sem staðfestir að varan hafi verið hituð í 65°C í fimm mínútur, sé það ekki staðfest í uppruna- og heilbrigðisvottorði, sbr. a-lið, eða hafi hlotið sambærilega meðferð að mati yfirdýralæknis.
  - Opinbert vottorð sem staðfestir að afurðir séu unnar í afurða-/vinnslustöðvum, viðurkenndum af Evrópusambandinu, aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða bandarískum yfirvöldum, til útflutnings og/eða sölu innan þessara ríkjasambanda.

## 5. gr.

*Hrá matvæli.*

Innfluttum matvælum sem flokkast undir vöruliði 0202, 0203, 0204, 0207, 0208, 0210 og 1602 sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987, og hafa ekki hlotið fullnægjandi hitameðferð, skulu fylgja þau vottorð sem hér greinir:

- Opinbert uppruna- og heilbrigðisvottorð.
- Opinbert vottorð sem staðfestir að dýrum, sem afurðirnar eru af, hafi ekki verið gefin vaxtarhvetjandi efni á eldistímanum.
- Vottorð sem staðfestir að vörurnar hafi verið geymdar við a.m.k. -18°C í einn mánuð fyrir tollafgreiðslu.
- Opinbert vottorð sem staðfestir að dýrunum, sem afurðirnar eru af, hafi verið slátrað í sláturhúsum og afurðirnar unnar í vinnslustöðvum, viðurkenndum af Evrópusambandinu, aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða bandarískum stjórnvöldum, til útflutnings og/eða sölu innan þessara ríkjasambanda.
- Opinbert vottorð sem staðfestir að afurðirnar séu lausar við salmonellusýkla.
- Slátur- og mjólkurafurðir og egg skulu uppfylla ákvæði gildandi reglugerðar um aðskotaefni í matvælum.
- Varan skal merkt í samræmi við gildandi reglur um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla.

## 6. gr.

*Gæludýrafóður.*

Leyfður er innflutningur á gæludýrafóðri sem meðhöndlað hefur verið á eftirfarandi hátt og staðfesting þess efnis kemur fram á viðskiptayfirlýsingu (commercial document) frá EES svæðinu eða vottorði sem ESB viðurkennir þegar um 3ju ríki er að ræða:

- nagbein úr skinnnum eða leðri hafi verið hituð nægilega til að drepa smitandi lífverur (þ.m.t. salmonellu),
- niðursoðið fóður hafi verið hitað að lágmarki 3.0 í Fc gildi í loftþéttum umbúðum,
- mjólkurvörur hafi verið gerilsneyddar.
- annað gæludýrafóður en nefnt er hér að ofan hafi verið hitað upp í kjarnahita a.m.k. 90°C.

Aðfangaeftirlitið fer með eftirlit með ofangreindum staðfestingum og skal innflytjandi leggja þær fram ásamt öðrum skjölum sem krafist er samkvæmt reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri.

## IV. KAFLI

**Almenn ákvæði um innflutning.**

## 7. gr.

*Innflutningsleyfi.*

Landbúnaðarráðherra er heimilt, að fenginni umsögn yfirdýralæknis, að leyfa innflutning á vörum, sem taldar eru upp í 3. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum, enda þyki sannað að ekki berist smitefni með þeim er valda sjúkdómum í dýrum og mönnum og þau skilyrði sem sett hafa verið fyrir innflutningnum séu uppfyllt sjá þó 8. gr.

Þegar sótt er um innflutning á hrárrí eða ósótthreinsaðri vöru skv. 1. mgr. í fyrsta sinn skal innflytjandi láta landbúnaðarráðuneytinu í té nauðsynlegar upplýsingar um vöruna til athugunar og samþykkis áður en varan er send frá útflutningslandi.

Innflytjandi hrárrar vöru skal alltaf sækja um leyfi til landbúnaðarráðherra og leggja fram, til umsagnar embættis yfirdýralæknis, aðflutningsskýrslu, upplýsingar um uppruna- og framleiðsluland vörunnar, tegund vöru og framleiðanda auk tilskilinna vottorða skv. 5. gr.

Innflytjandi hitameðhöndlaðrar vöru skal alltaf leggja fram, til umsagnar embættis yfirdýralæknis, aðflutningskýrslu, uppruna- og heilbrigðisvottorð ásamt vottorði skv. e-lið 4. gr., auk annarra tilskilinna vottorða skv. b-, c-, og eða d-lið 4. gr.

Innflytjandi gæludýrafóðurs skal alltaf þegar að innflutningur á sér stað leggja fram hjá Aðfangeftirlitinu staðfestingu skv. 6. gr.

## 8. gr.

*Innflutningur notaðra landbúnaðartækja.*

Innflytjandi notaðra landbúnaðarvéla og áhalda, þar með taldra hestakerra og annarra tækja sem notuð hafa verið í landbúnaði sbr. j. lið 3. gr. skal alltaf sækja um innflutningsleyfi til landbúnaðarráðherra og skal hann hafa aflað slíks leyfis áður en viðkomandi vörur eru sendar frá útflutningslandi.

Landbúnaðarráðherra getur heimilað innflutning á tækjum sbr. 1. mgr. að fengnum meðmælum yfirdýralæknis enda þyki sannað að ekki berist smitefni með þeim sem valdið geta dýrasjúkdómum. Með umsókn um leyfi til innflutnings skal leggja fram til umsagnar yfirdýralæknis upplýsingar um uppruna- og framleiðsluland, tegund, framleiðanda, ásamt opinberu dýralæknisvottorðið um að fullnægjandi hreinsun og sótthreinsun hafi farið fram í útflutningslandi.

## 9. gr.

*Ábyrgð innflytjanda.*

Innflytjandi vöru skal sjá til þess að öll nauðsynleg vottorð fylgi vörunni við innflutning og ber hann allan kostnað sem kann að leiða af öflun vottorða og þeim sóttvarnarráðstöfunum sem uppfylla þarf vegna innflutningsins, þ.m.t. nauðsynlegri sýnatöku og rannsóknnum sem yfirdýralæknir telur nauðsynlegar.

## 10. gr.

*Alþjóðlegt áhættumat.*

Meðmæli yfirdýralæknis varðandi sjúkdómavarnir skulu byggjast á áhættumati, sem m.a. tekur mið af listum OIE (Alþjóða heilbrigðismálastofnun dýra) varðandi A og B sjúkdóma og annarra alþjóðlegra staðla og leiðbeininga. Um framkvæmd þessarar greinar fer eftir ákvæðum samingsins um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

V. KAFLI  
**Ýmis ákvæði.**

11. gr.

*Ferðamenn með matvæli.*

Ferðamenn sem koma með soðin matvæli, þar sem staðfest er á umbúðum, að varan hafi hlotið hitameðferð, eins og áskilið er í b- og c-lið 4. gr., þurfa ekki að framvísa sérstökum vottorðum.

Yfirdýralæknir getur gefið út lista yfir soðin eða unnin matvæli sem sannanlega uppfylla skilyrði til innflutnings vegna fullnægjandi hitameðferðar eða sambærilegrar meðferðar, en bera hins vegar ekki með sér merki um slíka meðferð á umbúðum framleiðanda. Skal þá slíkur listi liggja frammi hjá tollayfirvöldum og vera aðgengilegur á heimasíðu embættis yfirdýralæknis.

12. gr.

*Sláturafurðir sem berast með skipum og flugvélum.*

Stjórnendur skipa og flugvéla sem koma til landsins með matarleifar sem í eru sláturafurðir skulu sjá til þess að þær séu losaðar í sérstaka lekahelda sorpgáma og síðan eytt samkvæmt fyrirmælum yfirdýralæknis. Sláturafurðir sem fluttar eru inn án heimildar skal brenna eða eyða á annan tryggilegan hátt.

13. gr.

*Umflutningur.*

Landbúnaðarráðherra getur heimilað umflutning á vörum þeim sem taldar eru upp í 3. gr. enda sé varan flutt úr landi á ný. Skilyrði fyrir slíku leyfi er að varan sé flutt í vandlega lokuðum umbúðum, þar sem innihald er tilgreint og sendingunni fylgi uppruna- og heilbrigðisvottorð, sbr. a-liði 4. og 5. gr.

14. gr.

*Viðurlög.*

Brot á ákvæðum reglugerðarinnar varða sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

15. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993, með síðari breytingum, lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998, með síðari breytingum, lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins nr. 416/2002. Reglugerðin tekur þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 9. júní 2004.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

---

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Flúða.

### 1. gr.

Hitaveitan selur varmaorku úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Flúða.

### 2. gr.

Varmaorkan er seld um magnmæla (rúmmetramæla). Greitt skal fyrir mælt varmamagn samkvæmt rúmmetramæli. Þar að auki skal greitt mælagjald.

### 3. gr.

A.	Varmagjald:	kr.
	Varmagjald fyrir hvern rúmmetra	43,29
B.	Mælagjald á mánuði:	
	Mælastærð DN 15	679
	Mælastærð DN 20	889
	Mælastærð DN 25	1.101
	Mælastærð DN 32	1.311
	Mælastærð DN 40	1.522
	Mælastærð DN 50	2.084

### 4. gr.

C.	Stofngjöld:	
	Innifalið í stofngjöldum er ein heimæð á lóð allt að 25 m, talið frá lóðarmörkum þar sem hitaveituæðin kemur að viðkomandi lóð og ein mælagrind.	
C1	Fyrir húsrými allt að 500 m <sup>3</sup> og gróðurhús allt að 200 m <sup>2</sup>	kr.
	Mælagrindargjald	52.645
	Fyrir hvern rúmmetra húss/fermetra gróðurhúss	141
C2	Fyrir húsrými stærra en 500 m <sup>3</sup> og gróðurhús stærra en 200 m <sup>2</sup>	
	Mælagrindargjald	64.344
	Fast gjald	42.116
	Fyrir hvern rúmmetra húss/fermetra gróðurhúss umfram 500 m <sup>3</sup> /200 m <sup>2</sup>	109
C3	Auka mælagrind:	
	Mælagrindargjald	45.041
C4	Gjald fyrir hvern lengdarmetra í heimæð umfram 25 m:	
	Lengdargjald	5.615

### 5. gr.

D.	Önnur gjöld:	
	Lokunargjald	1.170
	Mælaálestrargjald (aukaálestur)	1.170

### 6. gr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggst virðisaukaskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

## 7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hrunamannahrepps er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 443, 20. júlí 1998, með síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytinu, 4. júní 2004.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Benedikt Árnason.*

1. júní 2004

Nr. 511

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi við Stangarholt, Borgarbyggð.

Breytingarnar felast í breytingum á reitum, landnemaspildum, óbyggt svæði verður hluti af heimatúni og haga, tengingu vegar milli reita 22 og 33. Ennfremur er í skilmálum vikið að fyrirkomulagi í vatnsmálum.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreindar breytingar á skipulaginu.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreindar breytingar á skipulaginu öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 1. júní 2004.*

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

**Sigurður Páll Harðarson.**

3. júní 2004

Nr. 512

## SAMÞYKKT

### um afgreiðslur byggingarfulltrúans í Snæfellsbæ skv. 40. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, um heimild til að veita leyfi fyrir minniháttar framkvæmdum.

## 1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Snæfellsbæ afgreiðir, án staðfestingar skipulags- og byggingarnefndar, mál skv. 2. gr. samþykktar þessarar, er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum nema þegar um er að ræða umsóknir um nýbyggingar, þ.m.t. viðbyggingar og fjölgun eignarhluta í íbúðarhúsum, gerð skipulagsáætlana og byggingarskilmála, úthlutun lóða, nafngiftir gatna og ákvarðanir um beitingu ákvæða skv. VI. kafla laganna.

## 2. gr.

Byggingarfulltrúa er heimilt að afgreiða:

1. Umsóknir vegna minniháttar mannvirkja, minniháttar breytinga á innra skipulagi og útliti húsa og eignaskipta.
2. Umsóknir venga minniháttar breytinga sem verða á mannvirki í framkvæmd.
3. Umsóknir vegna breytinga á hæðarlegu lóða, uppsetningar girðinga, gróðurs og frágangs lóða, staðsetningar gáma á atvinnulóðum, minniháttar skilta á mannvirkjum og lóðum og númerabreytinga húsa og lóða.
4. Yfirfærslu á staðbundnum réttindum iðnmeistara, sbr. gr. 37.2 í byggingarreglugerð nr. 441/1998.
5. Skipulags- og byggingarnefnd getur falið byggingarfulltrúa fullnaðarafgreiðslu teikninga sem liggja fyrir nefndinni en uppfylla ekki ákvæði byggingarreglugerðar um minniháttar atriði eftir lagfæringu.

## 3. gr.

Byggingarfulltrúa er heimilt að gefa út byggingarleyfi vegna umsókna skv. 1.2.3. og 5. tl. 2. gr. að uppfylltum ákvæðum laganna og þeirra reglugerða, sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunarskilmálum og öðrum samþykktum Snæfellsbæjar um byggingarmál. Telji byggingarfulltrúi vafa leika á því að uppfyllt séu ákvæði laga, reglugerða og samþykktu, skal hann hlutast til um að umsókn verði lögð fyrir skipulags- og byggingarnefnd til úrlausnar.

## 4. gr.

Framangreindar afgreiðslur byggingarfulltrúa skulu lagðar fram til kynningar á næsta fundi skipulags- og byggingarnefndar og bókaðar í gerðabók nefndarinnar en ekki teknar þar til annarrar afgreiðslu. Þær skulu síðan hljóta afgreiðslu bæjarstjórnar með sama hætti og samþykktir skipulags- og byggingarnefndar. Synji byggingarfulltrúi erindi skal hann leggja málið fyrir skipulags- og byggingarnefnd á sama hátt.

## 5. gr.

Ákvörðunum byggingarfulltrúa samkvæmt samþykkt þessari má skjóta til skipulags- og byggingarnefndar innan 14 daga frá því að aðila varð kunnugt um afgreiðslu byggingarfulltrúa, enda hafi málið ekki þegar verið lagt fram í nefndinni. Um meðferð slíkra mála fer að öðru leyti skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum.

## 6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Snæfellsbæjar staðfestist hér með skv. 4. mgr. 40. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað við birtingu.

*Umhverfisráðuneytinu, 3. júní 2004.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigríður Stefánsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár, nr. 892 10. desember 1999.

#### 1. gr.

3. gr. liður 3.10, sbr. reglugerð nr. 534 26. júní 2001, orðast svo:  
3.10 Verð fyrir hvern leik (röð) í Lottó 5/38 er kr. 75, Jóker kr. 200, og í Víkingalottói kr. 35. Aðeins er unnt að gerast þátttakandi hjá söluaðilum Íslenskrar getspár eða með rafrænum hætti, sbr. lið 3.1.

#### 2. gr.

5. gr. liður 5.5.2, sbr. reglugerð nr. 126 6. febrúar 2001, orðast svo:

#### 5.5.2 **Jóker:**

Vinningar ráðast af því hve margar útdregnar tölur þátttakandi fær miðað við rétta röð útdreginna talna þannig að,  
fyrir 5 tölur réttar greiðast kr. 2.000.000  
fyrir 4 fyrstu og 4 síðustu tölur réttar greiðast kr. 100.000  
fyrir 3 fyrstu og 3 síðustu tölur réttar greiðast kr. 10.000  
fyrir 2 fyrstu og 2 síðustu tölur réttar greiðast kr. 1.000

#### 3. gr.

6. gr. Tölfræðilegar vinningslíkur Jóker verða svohljóðandi:

#### *Jóker:*

Fimm réttar rölur 1:100.000

Fjórar réttar tölur 1:5.556

Þrjár réttar rölur 1:556

Tvær réttar tölur 1:56

Heildarupphæð vinninga er 46% að meðaltali.

#### 4. gr.

- Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir nr. 26 2. maí 1986, sbr. lög nr. 126 16. desember 2003, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. júní 2004.*

**Björn Bjarnason.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, dvalarheimilið Hlíð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. júní 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að hluti iðnaðarsvæðis, lóðar Norðurorku, við gatnamót Þórunnarstrætis og Mímisbrautar er breytt í stofnanasvæði sem leggst við lóð dvalarheimilisins Hlíðar.



Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 15. júní 2004.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 238, 4. apríl 2003, um eldi nytjastofna sjávar með síðari breytingum.**

1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. bætist eftirfarandi málslíður:

V. kafli reglugerðarinnar gildir þó um slátrun alls eldisfisks.

2. gr.

4. mgr. 3. gr. orðist svo:

Fiskistofu er heimilt að óska eftir frekari gögnum en hér eru tilgreind, s.s. upplýsingum um stofn kynbættis og/eða erfðabreyttis eldisfisks. Ef fiskur af viðkomandi tegund eða stofni hefur ekki verið í eldi áður í stöðinni skal leita umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar sérstaklega um það hvort skaðleg erfðablöndun við staðbundna stofna geti átt sér stað. Telji Hafrannsóknastofnunin slíka hættu fyrir hendi ber Fiskistofu að hafna umsókn um rekstrarleyfi á þeim grundvelli.

Ný 5. mgr. 3. gr. orðist svo:

Fiskistofu er jafnframt heimilt að veita sérstök bráðabirgðaleyfi til geymslu á fönguðum fiski í kvíum sem síðar yrði fluttur í eldisstöð, enda þótt ofangreindum skilyrðum sé ekki fullnægt.

3. gr.

Eftirfarandi málsgreinar bætast við 17. gr.:

Óheimilt er að losa eldisfisk af flutningatæki í sjókvíar eða aðrar geymslueiningar í sjó nema um sé að ræða flutning í eldisstöð sem hlotið hefur rekstrarleyfi Fiskistofu samkvæmt 3. gr. laga nr. 33/2002 um eldi nytjastofna sjávar með síðari breytingum.

Þá er óheimilt að draga sjókvíar með eldisfiski út fyrir starfssvæði eldisstöðvar.

4. gr.

Á eftir 17. gr. bætist við ný grein 17. gr. a:

17. gr. a

Óheimilt er að geyma eldisfisk í sjókvíum eða öðrum geymslueiningum í sjó sem ekki eru hluti af eldisstöð samkvæmt 3. gr. laga nr. 33/2002 um eldi nytjastofna sjávar með síðari breytingum.

## 5. gr.

Á eftir 18. gr. bætast við tvær nýjar greinar 18. a og 18. b:

## 18. gr. a

Byggingar og búnaður þar sem fram fer slátrun eldisfisks, skulu vera til samræmis við ákvæði í viðauka 3 í reglugerð nr. 233/1999 um hollustuhætti við meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafla og fiskafurða eftir því sem við á.

Ker á landi þar sem eldisfiskur er látinn bíða þar til að slátrun kemur er hluti búnaðar sláturhúss. Kerin skulu vera úr heilu, ógegndræpu efni sem auðvelt er að þrifa og sótthreinsa. Eldisfiskur má aldrei bíða í slíku kerri lengur en eðlilegt getur talist miðað við að um sláturhús er að ræða.

Kví í sjó getur aldrei verið hluti búnaðar sláturhúss.

## 18. gr. b

Við slátrun á eldisfiski skal beita aðferð sem dýralæknir fisksjúkdóma hefur viðurkennt. Gæta skal að sjónarmiðum um dýravernd við slátrun eldisfisks.

## 6. gr.

30. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 33, 16. apríl 2002, um eldi nytjastofna sjávar, með síðari breytingum og með stöð í 14. gr. laga nr. 55, 10 júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða með síðari breytingum og tekur þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. júní 2004.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Kristinn Hugason.*

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Lagnakerfamiðstöð Íslands.

## 1. gr.

Neðanskráðir aðilar stofna hér með sjálfseignarstofnun, sem ber nafnið Lagnakerfamiðstöð Íslands.

Lagnafélag Íslands (LAFÍ)  
Samband Íslenskra sveitarfélaga  
Háskóli Íslands (HÍ)  
Tækniháskóli Íslands (THÍ)  
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins (Rb)

Iðntæknistofnun Íslands (ÍÍ)  
Samtök iðnaðarins (SI)  
Iðnmennt (SES)  
Brunamálastofnun (BS)

Heimili og varnarþing stofnunarinnar er Reykjavík.

## 2. gr.

Stofnfé stofnunarinnar er 598.000 krónur, lagt fram af stofnendum, sem ekki má skerða að raungildi. Aðrar eignir stofnunarinnar eru þau framlög í reiðufé eða öðrum verðmætum

sem berast og safnað verður til byggingar og búnaðar undir starfsemi Lagnakerfamiðstöðvar Íslands.

3. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er:

- að vera samstarfsvettvangur þeirra sem vinna við rannsóknir og fræðslu í lagnaiðnaði.
- að leggja til húsnæði, tæki og búnað sem notaður verður við fræðslu- og rannsóknastarfsemi í lagnaiðnaði.

4. gr.

Markmið stofnunarinnar er:

- að stuðla að rannsóknum, þróun, stöðlun og tæknilegum umbótum í lagnatækni og samhæfa rannsóknir á lagnakerfum í landinu.
- að efla kennslu og þjálfun á sviði lagnakerfa í skólum landsins á framhaldskóla- og háskólastigi, og veita aðstöðu fyrir endurmenntun iðnaðarmanna og hönnuða.

5. gr.

Yfirstjórn stofnunarinnar er í höndum fulltrúaráðs, sem tilnefnt er í af stofnendum. Í því eiga sæti 18 menn og 10 til vara. Eru 2 aðalmenn og 1 varamaður tilnefndur af hverjum stofnanda til tveggja ára í senn, LAFÍ tilnefnir 2 varamenn.

Fundir fulltrúaráðsins skulu haldnir ekki sjaldnar en einu sinni á ári í mars/apríl. Stjórninni er heimilt að boða til aukafulltrúaráðsfundar og ef 5 fulltrúaráðsmenn óska þess.

Fundi fulltrúaráðsins skal boða með minnst viku fyrirvara í ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt.

Fundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Dagskrá fulltrúaráðsfundar í mars/apríl ár hvert skal vera eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
3. Kynnt tilnefning í fulltrúaráð, samkvæmt 5. gr.
4. Kynnt skipan 10 manna í stjórn og jafnmargra til vara, samkvæmt 7. gr.
5. Kosning formanns, samkvæmt 7. gr.
6. Kosning 2 skoðunarmanna og 1 til vara, samkvæmt 7. gr.
7. Önnur mál.

6. gr.

Hlutverk fulltrúaráðsins er:

Að fylgjast með rekstri og vera tengiliður milli stjórnar og stofnenda.

Að kjósa formann og skoðunarmenn samkvæmt 7. grein.

Að setja stofnuninni þær reglur sem nauðsyn krefur.

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 10 mönnum og jafn mörgum til vara og skulu þeir skipaðir úr hópi fulltrúaráðsmanna eða varamanni þeirra.

Á fulltrúaráðsfundi í mars/apríl tilnefna eftirtaldir aðilar í stjórn.

- a) Lagnafélag Íslands 2 og 2 til vara.
- b) Samband íslenskra sveitarfélaga 1 og 1 til vara.
- c) Háskóli Íslands 1 og 1 til vara.
- d) Tækniháskóli Íslands 1 og 1 til vara.
- e) Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 1 og 1 til vara.
- f) Iðntæknistofnun Íslands 1 og 1 til vara.
- g) Samtök iðnaðarins 1 og 1 til vara.

h) Brunamálastofnun 1 og 1 til vara.

i) Iðnmennt SES 1 og 1 til vara.

Á sama fulltrúaráðsfundi kýs fulltrúaráðið formann úr hópi ofan nefndra aðalmanna í stjórn.

Formaður er jafnframt formaður fulltrúaráðsins og boðar til funda þess.

Kjósa skal 2 skoðunarmenn og 1 til vara.

Skipunartímabil stjórnar og kosning skoðunarmanna skal vera 2 ár.

Á fyrsta fundi eftir skipan stjórnar og kjör formanns skal stjórnin að öðru leyti skipta með sér verkum. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri skal sitja stjórnarfundum og fulltrúaráðsfundi með málfrelsi og tillögurétt. Gerðir stjórnar skulu bókfærðar.

8. gr.

Stjórn stofnunarinnar fer með fjármál hennar.

Stjórnin ræður lög giltan endurskoðanda í samráði við kjörna skoðunarmenn.

Árlega skal gera reikning stofnunarinnar samkvæmt góðum reikningsskilavenjum.

9. gr.

Eigi má selja eða veðsetja fasteignir sem eru eign stofnunarinnar nema að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

10. gr.

Ákvörðun stjórnar um slit á stofnunni skal hljóta samþykki 75% allra fulltrúaráðsmanna og samþykki dómsmálaráðherra.

11. gr.

Hætti einhver stofnandi, fækkar fulltrúum í fulltrúaráði að sama skapi, en stofnframlag er óafturkræft.

12. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema atkvæði 75% viðstaddra fulltrúaráðsmanna falli á þann veg, enda hljóti breytingar staðfestingu dómsmálaráðherra.

13. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. júní 2004.*

F. h. r.

**Hjalti Zóphóníasson.**

*Bryndís Helgadóttir.*

## SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Minningar- og gjafasjóð Þórormstunguhjónanna.**

Breytt skipulagsskrá, þannig samþykkt á aðalfundi Búnaðarfélags Áshrepps 19. apríl 2004.

1. Sjóðurinn heitir Minningar- og gjafasjóður Þórormstunguhjónanna.
2. Stofnendur sjóðsins voru hjónin Ásta M. Bjarnadóttir og Jón Hannesson óðalsbóndi í Þórormstungu. Stofnfé hans var kr. 4.000 (fjögur þúsund krónur), er gefendur afhentu Búnaðarfélagi Áshrepps til minningar um 50 ára búskap í Áshreppi. Bundið stofnfé sjóðsins er 3.798.253 krónur, en heildareign sjóðsins er nú, 1. apríl 2004, krónur 30.000.000.
3. Tilgangur sjóðsins skal vera sá að verðlauna bændur í Áshreppi fyrir alhliða búmenningu, svo sem í umgengni og viðhaldi jarða, meðferð búfjár, jarðrækt eða hagnýtum nýjungum á sviði búskaparins, allt eftir dómi sjóðsstjórnar.
4. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun er starfar skv. lögum nr. 19/1988. Heimili hans er heimili formanns Búnaðarfélags Áshrepps.
5. Tekjur sjóðsins eru vextir af innstæðum og arður af eignum, svo og gjafir og áheit þeirra sem vilja styrkja hann.
6. Stjórn Búnaðarfélags Áshrepps er jafnframt stjórn sjóðsins og hefur umsjón með sjóðnum og reikningshaldi hans, svo og úthlutun verðlauna skv. 3. gr. Hún skal halda sérstaka gjörðabók fyrir sjóðinn, þar sem skráðir eru ársreikningar hans, og skýrslur um verðlaunaveitingar og annað það sem sjóðinn varðar.
7. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal lagður fram til samþykktar á aðalfundi Búnaðarfélagsins, endurskoðaður af skoðunarmönnum Búnaðarfélagsins.
8. Stjórn Búnaðarfélags Áshrepps úthlutar verðlaunum samkv. 3. gr., allt að  $\frac{3}{4}$  hlutum árlegra vaxta. Komi það fyrir að dómi félagsstjórnar að enginn sé maklegur verðlauna eitthvert ár, falla allir ársvextir til sjóðsins.
9. Verði sú breyting að Búnaðarfélag Áshrepps verði lagt niður, skal starfssvæði sjóðsins þó haldast óbreytt og skulu allir stjórnendur hans ávallt vera bændur af því svæði, og kjörnir til 3ja ára í senn.
10. Komi það í ljós að álit stjórnarinnar, að verkefni sjóðsins sé tæmt samkv. 3. gr., er henni heimilt að bera fram breytingar á skipulagsskránni og skal það auglýst til allra félagsmanna með nægum fyrirvara. Þær einar breytingar má gera á skipulagsskránni er samþykktar eru með  $\frac{3}{4}$  hluta atkvæða á löglegum aðalfundi félagsins. Þó skal verkefni sjóðsins ávallt vera að styðja umbætur í Áshreppi.
11. Stjórn er heimilt að leita samþykkis til að skerða höfuðstól sjóðsins vegna sérstakra verkefna sem leiða má líkur að séu til hagsbóta fyrir alla félagsmenn og aðra íbúa Áshrepps. Aldrei má þó skerða höfuðstólinn meir en sem nemur  $\frac{1}{4}$  hluta hans á hverju ári. Séu slíkar tillögur á dagskrá skal þeirra getið í aðalfundarboði, og ná þær aðeins fram að ganga séu þær samþykktar með  $\frac{3}{4}$  hlutum atkvæða.
12. Leita skal samþykkis dómsmálaráðherra á þessari skipulagsskrá, og tekur hún gildi við samþykki ráðuneytisins. Jafnframt fellur eldri skipulagsskrá sjóðsins þar með úr gildi.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. júní 2004.*

F. h. r.

**Hjalti Zóphóniasson.**

*Bryndís Helgadóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 75 – 2004

15. júní 2004

1295

Nr. 518

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 270, 17. mars 2004,  
um togveiðar á kolmunna.**

1. gr.

Í stað: „493 þús. lestir“ í 2. málslíð 1. gr. komi: 713 þús. lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. júní 2004.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Vilhjálmur Egilsson.*

15. júní 2004

Nr. 519

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 595, 8. ágúst 2003,  
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2003/2004.**

1. gr.

Í stað: „1.500“ í 11. tölulíð 2. gr. kemur: 1.700.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. júní 2004.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Vilhjálmur Egilsson.*

Gutenberg

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breyttu stjórnsluheitum Bessastaðahrepps og heiti sveitarstjórnar, byggðarráðs og framkvæmdastjóra Sveitarfélagsins Álftanes.

Með vísan til 4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, og að fenginni umsögn örnefnanefndar hefur ráðuneytið í dag staðfest ákvörðun hreppsnefndar Bessastaðahrepps frá 20. apríl 2004, um breytingu á nafni sveitarfélagsins.

Nýtt heiti sveitarfélagsins er Sveitarfélagið Álftanes. Frá birtingu auglýsingar þessarar nefnist sveitarstjórn sveitarfélagsins bæjarstjórn, byggðarráð verður bæjarráð og framkvæmdastjóri bæjarstjóri, sbr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

*Félagsmálaráðuneytinu, 4. júní 2004.*

**Árni Magnússon.**

*Guðjón Bragason.*

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
506	3. júní	Lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg .....	1257-1262
507	4. júní	Samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Álftaness .....	1262-1278
508	19. maí	Gjaldskrá um gagnagerðargjöld í Hvalfjarðarstrandarhreppi .	1279-1281
509	9. júní	Reglugerð um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins .....	1281-1285
510	4. júní	Gjaldskrá Hitaveitu Flúða .....	1286-1287
511	1. júní	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi við Stangarholt, Borgarbyggð .....	1287
512	3. júní	Samþykkt um afgreiðslur byggingarfulltrúans í Snæfellsbæ skv. 40. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, um heimild til að veita leyfi fyrir minniháttar framkvæmdum .....	1287-1288
513	7. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár, nr. 892 10. desember 1999 .....	1289
514	15. júní	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, dvalarheimilið Hlíð .....	1289-1290
515	14. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 238, 4. apríl 2003, um eldi nytjastofna sjávar með síðari breytingum .....	1290-1291
516	9. júní	Skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Lagnakerfamiðstöð Íslands .....	1291-1293
517	8. júní	Skipulagsskrá fyrir Minningar- og gjafasjóð Þóroormstunguhjónanna .....	1293-1294
518	15. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 270, 17. mars 2004, um togveiðar á kolmunna .....	1295
519	15. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 595, 8. ágúst 2003, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2003/2004 .....	1295
520	4. júní	Auglýsing um staðfestingu á breyttu stjórnsýsluheiti Bessa- staðahrepps og heiti sveitarstjórnar, byggðarráðs og framkvæmdastjóra Sveitarfélagsins Álftaness .....	1296



